



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

## Landamerkjabók Þingeyarsýslu

D.

[1901–1936]



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Bók þessi, sem er 63 – tölusett blöð, löggildist hjer með til þess að vera  
Landamerkjabók (D)  
fyrir Þingeyjarsýslu.  
skrifstofa Þingeyjarsýslu 31. maí 1921.

Jón Havsteen  
SÝSLUAÐURINN ÞINGEYJARSÝSLU



Nº 180.

Hallbjarnarstaðir  
á Tjörnesi.

A. Að sunnan skilur Hallbjarnarstaðaland frá Ytri-Tungulandi:

1. Hallbjarnarstaðaá frá sjó, upp þangað til við tekur
2. Föxugróf er ræður þar til hún endar vestan undir brekkum við Föxugrófarsel, þá
3. Sólheimalækur meðan hann liggur frá norðaustri
4. Varða á norður gilbarmi lækjarins og loks
5. Varða í líkri stefnu á syðri barmi Fossgilsgrófar.

B. Að norðanverðu skilur lönd Hallbjarnarstaða og Isólfsstaða

1. Sker eitt lítið flatt, í sjó fram, liggur næst fyrir norðan Selaböku.
2. Garður sá, er liggur af sjávarbakkanum upp að Torfhól.
3. Bein lína frá hlaðinni grófdys á Torfhól yfir Fossamýri að
4. Grashólsþúfu er stendur þar, sem hæst ber holt á þeirri línu neðan við neðri Kirkjugilsmýri
5. Sama lína þráðbein frá Grashólsþúfu að
6. Fossgilsgróf þar sem neðst sést í hana af Fossgilsás, og eru á þeirri línu til gleggri merkja:

a. hlaðin þúfa neðantil í Kirkjugilsmýri

b. önnur þúfa á Fossgilsás.

Fossgilsgróf ræður síðan merkjum alt að vörðu þeirri á suðurbarmi er endar framanskraða merkjalínu að sunnan verðu.

Til þess, að framanskrað landamerkjaskrá fái fult gildi, þurfa að skrifa undir hana þeir hlutaðeigendur er hér segir:

1. Vegna eigenda hálftrar jarðarinnar Hallbjarnarstaða a: barna Sigurjóns sál. Magnússonar (Konstantínu Vilhelmínu, Halldórs Gamaliels, Gríms Sigmars,) fjárhaldsmaður Jakob Hálfðánarson.
2. Eigandi eins 4<sup>da</sup> parts úr sömu jörð Sigurveig Sigurðardóttir í Skógum í Øxarfirði.
3. Eigandi að hinum fjórðaparti somu jarðar og einnig að 1/4 úr Isólfsstöðum Björn Stefánsson í Valadal.
4. Eigandi að 3/4 pörtum úr Isólfsstöðum Benedikt Sveinsson sýslumaður í Þingeyarsýslu.
5. Eigandi og ábúandi Ytritungu að 3/4 pörtum Jóhannes Jóhannesson og
6. Eigandi að 1/4 parti úr sömu jörðu Jón Jónsson í Hringveri.

J. Hálfðánarson Húsavík. S. Sigurðardóttir. Jón R. Jónsson Hringveri. Björn Stefánsson.

Að framanskriðuð landamerkjaskrá Hallbjarnarstaða hermi rétt merki gagnvart Ytritungu vottar Jóhannes Jóhannesson.

Samþykkur vegna Isólfsstaða.

Fyrir hönd erfingja Benedikts sál Sveinssonar

Júlíus Sigurðsson



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Þinglesin á Manntalsþingi í Húsavík 24. Maí 1907, -

Gjald 1 – ein – króna.



Nº 181

Bergstaðir  
í Skriðuhverfi

Að sunnan ræður merkjum garður sá, er liggur þvert yfir Mánafell, liggur hann beint niður fellid að vestan, og vestur að svonefndri Jódísarstaðaeyu, ræður svo bein stefna þvert vestur yfir nefnda eyu til Skjálfandafljóts. Garðurinn er mjög glöggur upp á fellinu og austaní því og ræður hann merkjum austur til Mánalækjar, síðan ræður Mánalækur merkjum að austan og norðan (að undanteknum tveim litlum hornum sem ganga fram í lækinn) niður undir miðja Mýri, liggja þá merkin lítið eitt suður á við eftir gömlum farveg lækjarins, og síðan þvert vestur yfir myrina í Markþúfu til Skjálfandafljóts. Til þess, að glögg séu merkin á mýrinni eru stungnir upp hnausar á merkjunum, með nokkru millibili. Að vestan ræður Skjálfandafljót merkjum. Jörðin á eyu þá, er liggur í fljótinu fyrir Bergstaðalandi, og heitir Bergstaðaeya.

Samþykkir fyrir Rauðuskriðu: Árni Magnusson. Eldjárn Asmundsson

Þorsteinn Bjarnarson                      Baldvin Þorgrímsson  
(eigandi Jódísstaða)                      (eigandi Bergsstaða)

Þinglýst á Aðaldælaþingi 22. Maí 1907.

Gjald 1 – ein – króna.



nr. 182

Baldursheimur  
í Skútustaðahrepp.

Að sunnan, móts við Krákárbakkaland ræður gróf sú, er fellur í Kráká sunnanvið Merkinef, norðanvert gegnt Grasaskarði í Sellöndum. Úr grófinni ræður bein stefna yfir Svartholt vestur í Leiðarhól og síðan sama stefna yfir Grenisása, norður-enda Hólavatnsás og þvera Grænpollamýri vestur í Stórás að landamerkjum Bárðdæla.

Að vestan móts við Stórásland í Ljósavatnshrepp ræður lína sú millum Bjarnarpolls og Bræðra (við Svartarvatn) er skiftir löndum Bárðdæla og Mývetninga.

Að norðan móts við Gautlönd ræður bein stefna ur Bjarnarpoll í gróf þá, er fellur í Gautlandalæk við Sandvatnsskrók. Þaðan ræður Gautlandslækur merkjum að Miðgatnahól við Miðgatnavað, þaðan, móts við Litlustrandar og Sveinstrandarlönd ræður bein stefna um merkihóla og sunnanvert Bóndaskarð í Kráká, og enn sama stefna eftir Merkivörðum í engjunum austur í Garðsengjagarð í merkivörðu þá, sem þar er hlaðin.

Að austan móts við Grænavatnsland úr ofannefndu hornmerki á Garðsengjagarði ræður bein lína úr austurhyrnu Lambafjalla í austustu grófina í Sellandafjalli svo langt suður, að sunnanverðar rætur Jörundar beri yfir miðjan Grænavatnsbæ. Þaðan ræður sú stefna merkjum til Krákar. Eftir það ræður Kráká merkjum í upphaflega nefnda Gróf við Merkinef.

Að landareign Baldursheims eiga eigi aðrar jarðir lönd enn að framan eru nefndar.

Baldursheimi 2. Maí 1907.

Sigurður Jónsson (eigandi og áb. Baldursheimi)

Sem eigandi og umráðamaður jarðanna Gautlanda, Litlustrandar og Sveinstrandar, er ég þessari merkjalýsing samþykkur.

Gautlöndum 2. Maí 1907.

Pétur Jónsson.

Sem umráðamaður jarðarinnar Stórás, er ég þessari merkjalýsing samþykkur.

Engidal 10. Maí 1907.

Tryggvi Valdemarsson.

Sem umráðamaður jarðarinnar Litlustrandar er ég samþykkur þessari Merkjalýsing.

Grænavatni 30. Maí 1907

Helgi Jónsson

Sem eigendur og ábúendur jarðarinnar Grænavatns, erum við samþykkir þessari merkjalýsing.

Grænavatni 30. Maí 1907.

Helgi Jónsson. Guðni Ásmundsson

Sem Beneficiarius 3/4 hluta Skútustaða er ég samþykkur.

Skútustöðum 30. Maí 1907



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Árni Jónsson

Sem eigandi 1/4 hluta Skútustaða er ég samþykkt  
Skútustöðum 30. Maí 1907.

Guðbjörg Aradóttir.

Þinglýst á Skútustaðapingi 30. Maí árið 1901. –  
Gjald 1 – ein – króna.





Nr. 182 b.

Syðrafjall  
í Aðaldal.

Að norðan frá Laxá við sunnanverða Laxhólma til Enghóls, þaðan bein stefna í garð sem liggur upp Hraunlágur til fjalls, þaðan bein stefna á Skriðumel sunnanvert við Skallahnjúk. Að vestan gegnt Skriðu ræður Skriðumelur til vörðu sem stendur á melnum, og svo bein stefna úr þeirri vörðu í merkivörðu á norðvestur horni Mýlaugsstaðalands.

Að sunnan ræður gegnt Mýlaugsstöðum bein stefna úr síðastnefndri vörðu í Nónvörðu í austanverðum hálsi og þaðan bein stefna í Vaðhól, og úr honum í krókinn á Eyvindarlæk.

Að sunnan og austan ræður Eyvindarlækur og Laxá. - p.t. Garði 22. Maí 1907

B. Kristjánsson

Fyrir Mýlaugsstaði Jóhannes Þorkelsson.

Fyrir Rauðuskriðu Friðfinnur Sigurðsson

Fyrir Ytrafjall: Sigurgeir Eyólfsson. Indriði Þorkelsson.

Þinglýst á Aðaldælapingi 22. Maí 1907.

Steingrímur Jónsson

Gjald 1 – ein – króna.

StJ.



Nº 183

Hólmavað  
í Aðaldal

Að norðan gegnt Nesi ræður Hrútalækur frá Laxá til Grunnavaðs og þaðan bein stefna í Vatnarönd við Hafralæk, og þaðan bein stefna á vörðu í Fjallshóla, og þá garður sem liggur til suðurs í norðanverðu hrauni.

Að sunnan ræður garður, sem liggur frá aðurnefndum garði austur í Ytri-Ás og hann síðan til Laxár.

Að austan ræður Laxá. Hólmavað á alla veiði í ánni fyrir sínu landi og 2 hólma: Vaðhólma og Hríthólma.

Grenjaðarstað 21. Maí 1907

B. Kristjánsson

Fyrir Ytrafjall

Sigurgeir Eyólfsson. Indriði Þorkelsson.

Fyrir Nes:

Þorgrímur Pétursson.

Þinglýst á Aðaldælaþingi 22. Maí 1901

Steingrímur Jónsson.

Gjald. 1 – ein – króna.

St.J.



Nº 184.

Engidalur og Stórás  
í Ljósavatnshrepp.

Að vestan, móts við Lundarbrekku ræður vesturrönd Brennumýrar merkjum alt að Kálfborgarárvatni, þaðan vatnið að suðausturhorni þess og þá bein stefna í hásuður til suðurmerkja. Að sunnan móts við Bjarnastaði ræður bein stefna frá Merkisteini á Steinfelli í Stórlág í Stórás og þaðan framhald sömu stefnu að austurmerkjum. Að austan, móts við Baldursheim og Gautlönd ræður lína sú frá Bræðrum við Svartárvatn um Bjarnarpoll út í Föxugrófarbotn er skilur lönd Bárðdæla og Mývetninga. Að norðan á móts við Hörgsdal ræður bein stefna yfir hæstu bungu Jafnafells í Kálfborgarárás. – ~~(Engidalur á frjálsa veiði í Kálfborgarárvatni fyrir Lundarbrennkulandi og Stórás á frjáls Netalög í Sandvatni fyrir svokölluðum Nonlágum svo og dráttarveiði á sömu stöðum.)~~  
[Innskot á spássíu] Ítökum ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53. Falla því niður. JS.

Engidal 16. Maí 1902

Sem eigendur jarðanna Engidals og Stórás Tryggvi Valdemarsson, Guðlaugur Valdemarsson. Sigurbjörg Valdemarsdóttir Kristbjörg Valdemarsdóttir  
Fyrir hönd umboðsjarðarinnar Bjarnastaða í Bárðardal er ég samþykkur þessari merkjalýsing

Gautlöndum 16. Maí 1902

Pétur Jónsson (umboðsmaður)

Sem eigandi jarðarinnar Gautlanda er ég þessari landamerkjaskrá samþykkur.

Gautlöndum 16. Maí 1902

Pétur Jónsson

Sem eigandi jarðarinnar Baldursheims er ég þessari landamerkjaskrá samþykkur.

Baldursheimi 16. Maí 1902

Sigurður Jónsson.

Sem eigandi jarðarinnar Lundarbrekku er ég þessari landamerkjaskrá samþykkur

Jónas Jónsson

Sem eigandi jarðarinnar Hörgsdals er ég þessari landamerkjaskrá samþykkur.

Árni Flóventsson

Þinglesið á Manntalsþingi að Ljósaatni 23. Maí 1902.

Steingrímur Jónsson

Gjald 1 – ein – króna

StJ.



Nº 185.

Kálfaströnd  
við Mývatn

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni dags. 27. Maí 1885, er innfærð í bók þessa <sup>A</sup> nr. 93, og þinglesin 20. Maí 1886. En þessi breyting er við hana gerð:

Niðurlag landamerkjaskrárinnar eftir orðið „Stekkjarvog“ orðist þannig:

Að öðru leyti ræður Mývatn merkjum. Kálfaströnd á allar eyar, hólma og sker fyrir sínu landi, eru þeirra merkust: Hrótey, Hróteyarnes – og allan veiðrétt að lögum.

Kálfaströnd 24. Febrúar 1902

Hólmfríður Þorsteinsdóttir.

Vegna jarðanna Garðs, Skútustaða og Geiteyarstrandar erum við samþykkt ofanritaðri breytingu sem eigendur og umráðamenn þeirra jarða.

Árni Jónsson, Jóhannes Sigurðsson

Þorsteinn Þorsteinsson. Árni Jónsson. Guðbjörg Aradóttir

Þinglesi á Skútustöðum hinn 31. Maí 1902.

Steingr. Jónsson.

Gjald 1 – ein – króna.



Nº 186.

Bárðartjörn  
í Höfðahverfi.

Við norðvesturhorn landeignar Bárðartjarnar er samnefnd tjörn, vestur við Þengilhöfða, affall hennar nefnist Ósinn og rennur til suðurs austan við Höfðann í Gljúfurá og ræður merkjum milli Hóls og Bárðartjarnar

Að norðan milli Hvamms og Bárðartjarnar ræður merkjum gamall merkja eða vörzlugarður, sem liggur frá syðri enda áðurnefndrar tjarnar austur yfir Mýrarnar og Steinshól upp í svo nefnd Enni. Þaðan ræður sama stefna merkjum austur yfir Sandfell til Víðilækjar en þá fylgja þau honum í Gljúfurá.

Að austan og sunnan milli Grýtubakka og Bárðartjarnar ræður Gljúfurá merkjum frá Víðirlæk ofan í Ósinn.

Eigendur og umráðamenn Bárðartjarnar í Höfðahverfi.

Ingvar Ingvarsson. Geirf. Tr. Friðfinnsson

Samþykkur vegna Hvammslands Geirf Tr. Friðfinnsson

Vegna Grýtubakka Vilhjálmur Þorsteinss. Þorsteinn Jónsson.

Vegna Hólslands: Jón Sveinsson.

Þinglesið á Grýtubakkabæingum 26. Maí 1902. Steingr Jónsson

Gjald 1 – ein – króna.



187.

Sýrnes

í Aðaldælahrepp.

Að norðan ræður garður sá merkjum, sem liggur millum Sýrness og Mýlaugsstaða úr Mýlaugsstaðavatni fyrir sunnan Mýlaugsstaðavöll, og svo bein stefna vestur á heiði í þann garð, sem liggur suður eftir heiðinni.

Að austan ræður Mýlaugsstaðavatn, Sýrnesvatn og Eyvindarlækur. Að sunnan ræður merkjum garður sá, sem gengur úr Eyvindarlæk upp milli Sýrness og Hólkots og svo sjónhending vestur á heiði í þann garð, sem er merkigarður milli Hólkots og Vaðs og liggur sunnan alla heiði og nefndist „garðurinn mikli“.

Að vestan ræður sá garður merkjum, og skilur hann lönd fleiri jarða að austan og vestan heiðar.

Sýrnes á allan veiðirétt fyrir landi sínu og ennfremur hólma þann fyrir sunnan Sýrnesshóla sem öðru nafni kallast „Tengur“ yzt í Sýrnessvatni, er kallast Sýrnesshólmi og er nú að verða áfastur Langhólma síðan Eyvindarlækur hætti að falla austan Sýrnesshólma.

Syrnesi 18. Apríl 1907

Þórarinn Þórarinnsson

Fyrir hönd Mýlaugsstaða

Jóhannes Þórkesson.. Þorkell Guðmundsson.

Vegna Múla

B. Kristjánsson

Fyrir hond Rauðuskriðu er ég samþykkur þessari landamerkjaskrá, þó með þeirri athugasemd, að merkin eiga að teljast úr Merkivörðu á Suðvesturhorni Mýlaugsstaðalands í norðvesturhorn Hólkotslands, í garð þann, sem nefnir er í landamerkjaskránni.

p.t. Húsavík 6. Júlí 1907.

Vegna Hólkots

Þórarinn Þórarinnsson

Davíð Isleifsson.

eigandi Sýrness.

Fyrirfram innfært til þinglesturs á Aðaldælaþingi 1905. –

29/10 1904.

Steingrímur Jónsson

Gjald 1 – ein – króna

borgað StJ.



Nº 188.

Hrollaugstaðir  
í Sauðanesshrepp.

Milli Kumblavíkur og Hrollaugstaða skiftir Djúpiskurður landi og reka. Úr honum ræður bein stefna í Bugabúfu, úr henni bein stefna í Hólmatjörn er skilur lönd Hrollaugstaða, Kumblavíkur, Læknesstaða og Brimness

Úr Hólmatjörn ræður bein stefna í Guðrúnarborg er skiftir löndum Heiðar og Hrollaugstaða. Úr Guðrúnarborg ræður bein stefna í vörðu á Hamrafjalli og úr henni bein stefna í Kálfhvammslæk við sjó er skiftir landi og reka milli Eiðs og Hrollaugstaða.

Eldjárnsstoðum 24. Marz 1890

Vilhálmur Guðmundsson (eigandi Hrollaugstaða)

Framanskráðri Landamerkjaskrá erum við samþykkir.

S. Sæmundsson. Davíð Jonsson (eigendur Heiðar)

Daníel Jónsson (eigandi Eiðs) Magnús Jónsson eigandi Læknesstaða.

Þinglesið á Manntalsþingi að Sauðanesi hinn 28. Júní 191.

Það athugast, að samþykki eigandans að Kumblavík vantar.

Steingrímur Jónsson

Gjald 1 – ein – krona

StJ.



N<sup>o</sup> 189.

Fagranes  
með hjáleigunni Fagraneskoti  
í Aðaldælahrepp.  
Landamerkjaskrá

1. Að austan ræður merkjum mið Múlaheiði frá vörðu þeirri, sem sett er á norðausturhorni Fagranesslands, og suður mið-heiðina móti Múlalandi austanvið, alt suður gegnt gróf þeirri í Vatnshlíð, sem nefnd er í næstu grein á eftir.
2. Að sunnan og vestan eru landamerki þessi: Í Vatnshlíð Vatnsendavaðsgil eða gróf, sem nefnd er í greininni hér á undan, frá Mið-Múlaheiði til Reykjadalsár, þá er Reykjadalsá merki til Vestmansvatns; þá ræður Vestmannsvatn eftir því, sem það liggur fyrir landinu, alt til þess að Reykjadalsá (Eyvindarlækur) fellur úr því. Þá ræður Eyvindarlækur til Sýrnesvatns norður að Stykkjaklöpp.
3. Að norðan ræður merkjum gegnt Múlalandi bein stefn úr vörðu þeirri, sem nefnd er í tölul. 1. og stendur á Heiðarbrúninni nyrzt á Langamel, eftir garði í hlíðinni, og þá beint vestur móinn í suðausturhorn Múlavatns, þá suðurhlið vatnsins í vörðu á klöpp við suðvesturhorn vatnsins, og svo beint í Stykkjaklöpp við Sýrnesvatn gegnt hólnum í Sýrnesshólma; þó á Fagranes svonefnda „Ófærutappa“ í suðvesturhorni vatnsins.

p.t. Grenjaðarstað 8. Júlí 1902

Sigurður Jónsson

(eftir umboði prestsins á Þoroddstað)

Samþykkur vegna Múlalands

B. Kristjánsson

Samþykkur vegna jarðarinnar Halldórsstaða ásamt Parti í Reykjadal

Pétur Jónsson

(umboðsmaður)

Samþykkur vegna jarðarinnar Sýrness

Sigurður Jónsson (ábúandi)

Vegna Helgastaða beneficiums

samþykkur P. H. Hjálmarsson

prestur

Þinglesin á Manntalsþingi Aðaldæla vorið 1907. „Abúandi Múla, Helgi bóndi Jóhannesson lýsti yfir því á þinginu, að hann mótmæli landamerkjum þessum gagnvart abúðarjörð hans þar eð þau séu ósamkvæm þeim landamerkjum er haldin hafa verið áður“. –

pr. Steingr Jónsson

Benedikt Jónsson

settur

(Landamerkjaskráin afhent 10/8.´07)





N<sup>o</sup> 190.

Við undirritaðir sameigendur að Mýrar og Litlutungu-löndum í Bárðardal erum samþykkir mótmælum þeim, er Sören Jónsson meðeigandi okkar hreyfði á manntalsþingi að Ljósavatni 31. Maí þ.á. gegn afréttarskrá þeirri er þar var þinglýst þar sem Litlutunguland er talið skilyrðislaust afréttur sveitarinnar.

Land þetta er, og hefir verið byggt ábúendum Mýrar ásamt Mýrarlandi til allra afnota fyrir ákveðna landskuld, en hann fær aftur uslagjald hjá sveitinni fyrir afréttarfé. –

Garðshorni 15. Júní 1904

Mýri 14. Okt. 1904

Ingjaldur Jónsson

Jón Ingjaldsson (handsalað)

Halldórsstöðum 23. Okt. 1904 fyrir hönd Jóns Jónssonar

Sig. Sigurðsson.

Mótmæli þessi biðjum vér sýslumann að innfæra í landamerkjabók sýslunar.



Nº 191

Landamerki  
Hvarfs i Bárðardal.

Að austan ræður Skjálfandafljót eða sú meginkvísl þess, er fellur austan Hvarfseyrar. Að sunnan milli Hvarfs og Eyadalsár eru merki frá eyarkvísl eftir vörðum í læk þann er fellur ofan fjallið sunnan við stekkjarbrot frá Hvarfi; ræður lækurinn meðan hann endist en úr því bein lína eftir vörðum vestur í ána á Øxarárdal, ræður hún merkjum á dalnum en að norðan gegnt Øxará varða sú við Hvarfseyarkvísl er stendur á Bótarbörðum, þaðan bein stefna í Kárastein og þaðan sama stefna í Øxará á Øxarárdal.

Eyadalsá 22. Maí 1907.

Jón Ingjaldsson      Stefán Jónsson  
(handsalað)      Guðni Jónsson  
Sameigendur Hvarfs og Eyadalsár.

Ingjaldur Jónsson  
(eigandi Øxará.

Þinglýst á Ljósavatsþingi vorið 1907 og engum mótmælum hreyft.

Benedikt Jónsson  
settur



Nº 192

Landamerki

Eyardalsár í Bárðardal.

Að austan ræður Skjálfandafljót. Að sunnan gegnt Hlíðarenda ráða vörður frá fljótinu til vesturs í Eyadalsárgilið í fjallinu. Úr því ræður áin merkjum suður að Sandhaugalandi. Þá ræður bein lína í vestur miðuð við Helmingshöfða niðri í Bárðardal vestur yfir Eyardal eftir vörðum vestur á háfjallið. Að vestan ræður háfjallið norður á dalmót þar sem hefst Øxarárdalur, en úr því ræður Øxará norður að Hvarfslandi, en gegnt því ráða vörður frá Hvarfseyarkvísl í læk í fjallinu sunnan við Stekkjarbrot og úr honum bein lína vestur í ána á Øxarárdal.

Eyardalsá 22. Maí 1907

Jón Ingjaldsson. Stefán Jónsson. Guðni Jónsson

Sameigendur Eyadalsár, Hvarfs og Hlíðarenda.

Þinglesin á Ljósavatnsþingi vorið 1907 og engum mótmælum hreyft.

Benedikt Jónsson

settur



N<sup>o</sup> 193

Landamerki

Hlíðarenda í Bárðardal.

Að austan ræður Skjálfandafljót. Að sunnan gegnt Sandhaugum ræður bein lína til vesturs frá vörðu á fljótsbakkanum í Helmingshöfða á hraungarði upp við fjall og þaðan sama stefna að ánni á Eyardal, er ræður merkjum að vestan.

Að norðan gegnt Hlíðarenda og Eyardalsá ráða vörður frá fljótinu til vesturs í Eyardalsárgilið, en gilið og áin þaðan af.

Eyardalsá 22. Maí 1907.

Jón Ingjaldsson. Stefán Jónsson. Guðni Jónsson

Sameigendur Hlíðarenda og Eyardalsár.

Framan tilgreindum landamerkjum milli jarðanna Hlíðarenda og Sandhaugna get ég undirritaður umráðamaður Sandhaugna eigi verið samþykkur vegna þess, að þau eru ekki í fullu samræmi við áður staðfesta landamerkjaskrá kirkjujarðarinnar Sandhaugna.

Hálsi 23. Maí 1907

Ásmundur Gíslason

prestur að Hálsi.



194.

Landamerki

Helgastaða, Hamra og Fossels.

í Reykjadal.

Að sunnan ræður garður sá sem gengur úr Reykjadalssá í Hamrarák upp að Mólöndum, þá bein stefna úr þeim garði upp í vallargarðinn sem skiftir tünnum Hamra og Glaumbæar, þaðan beint upp í klapparhornið og þaðan bein stefna sunnanvert við Smalaskálaholt vestur á há heiði; ræður svo há heiðin merkjum norður á móts við garð þann, sem liggur upp frá Skjálfandafljóti upp eftir Linghöfða. Að vestan ræður Skjálfandafljót. Að norðan móts við Vað og Höskuldsstaði ræður bein stefna af Skógarhöfða er gamli garðurinn liggur upp frá, og ræður bein stefna merkjum þaðan um Torfhvamm í vörðu sem stendur á fornum merkigarði austantil við mýrarflóann á heiðinni. Ræður garður sá merkjum suður þar til austur úr honum gengur garður sá sem þá ræður merkjum og liggur óslitinn (nema framaní há brúninni) niður spölkorn fyrir sunnan Höskuldstaða vallargarð og alla leið niður í Vestmannsvatn í Skarnvík sunnanundir Gráblesa fyrir hverjum garðsenda heitir Skipadráttur. Ræður svo miðátt vatnsins merkjum austur á móts við Reykjadalssá spölkorn norðar en á móts við Helghól, ræður svo Eyarkíllinn merkjum samkvæmt úrskurði stjórnarráðs Íslands dags. 31. Marz þ.á. austan við Helgastaðaey, en farvegur Eyarkílsins liggur óslitinn suður í poll þann sem er fyrir utan Selholt sem svarar á móts við Alftatjörn að vestanverðu staðarins megin og úr nefndum polli í Reykjadalssá. Ræður svo Reykjadalssá merkjum suður í Hamrarák. Enn fremur eiga Helgastaðir Þingey halfa og þingstað umfram, Skuldapingsey alla ~~(og afrétt í Náttfaravíkum.)~~

[Innskot á spássíu] Afrjettaritaki ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953 Er því niður fallið.  
J Skaptason

Helgastöðum 20. Ágúst 1906

P. Helgi Hjálmarsson

sóknarprestur.

Landamerkjaskrá þessi samþykkist hermeð að því er snertir landamerki milli Helgastaða og Halldórsstaða samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 31. Marz 1906 og með tilvísun til uppdráttar sem er festur við skrána.

Í stjórnarráði Íslands 11 febr. 1907

T.h.r. Kl. Jónsson

(L.S.)

Jón Hermannsson

Sem eigandi Glaumbæar er ég samþykkur þessari landamerkjaskrá.

p.t. Helgastöðum 29. Apr. 1907

Kristján Jóhannesson póstur.

Sem eigandi Glaumbæarsels er ég samþykk, sömul. eigandi Einarsstaða.

Einarsst. 17. Maí 1907



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Ásrún Jónsdóttir

Þinglesin á Manntalsþingi Reykdæla 17. Maí 1907.

Ábúandi landsjóðsjarðarinnar Halldórsstaða mótmælir þeim ummælum landamerkjaskrárinnar að hinn svonefndi Eyarkýll sé óslitinn og að hann sé rétt afmarkaður á upprætti þeim, sem festur er við landamerkjaskrána. Auk þess athugar hann, að uppdrátturinn allur sé ónákvæmur. – Sýslumaðurinn athugar að landamerkjaskrá þessi sé ófullkomin að því leyti að samþykki og undirskriftir vanta ábúenda og eigenda Vaðs og Höskuldsstaða.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu Húsavík, 5. September 1907.

pr. Stgr. Jónsson.

Benedikt Jónsson

settur



Nº 195

Landamerki  
Torfuness í Kinn

Að norðan nálægt miðs vegar milli Ófeigsstaða, hjáleigu frá Þóroddsstað, og Torfuness, ræður gamall merkjagarður ofan frá fjallsbrún og niður að Rangá, í svonefndan Ófeigsstaðakíl, er svo ræður merkjum eins og hann liggur austur eftir Fætinum að vesturendanum á svo nefndum Ófeigsstaðamerkigarði er skilur lönd á milli Hóls í Kinn og Ófeigsstaða austur við Skjálfafljótt. Frá austur enda garðs þessa liggur kílfar, sem enn er kallað gamli Rangárfarvegur suðvestur eftir Fætinum og skilur hann lönd að sunnan milli Hóls og Torfuness þar til sá garður kemur í hann að ofan frá Rangá, sem liggur á móti þeim landamerkjarði, er kemur ofan úr fjallinu vestan Rangár og skilur land á milli Háls og Torfuness upp á fjallsbrún. Þá er upp á fjallsbrún kemur, ráða merkjum að utan og sunnan beinar línur úr hinum aður nefndu merkjarörðum yfir Seljadal þverann upp á brúnir vesturfjalla.

Samkvæmt fornum skjölum og skilríkjum.

Gert að Torfunesi 1. Apríl 1908

Fyrir hönd Þóroddsstaða prestakalls og hjáleigunnar Ófeigsstaða, er ég samþykkur sem umráðamaður. Jón Arason

Sem ábúandi á Torfunesi er ég samþykkur.

Einar Sigurgeirsson

Samþykkur sem eigandi og ábúandi Háls

Baldvin Baldvinsson

Samþykkur sem eigandi 1/7 Hóls Sigurður Jónsson

Samþykkur sem eigandi og ábúandi 6/7 Hóls

Hans Kristjánsson

Þinglesið á Ljósavatnsþingi 1908, og engum mótmælum hreyft



N<sup>o</sup> 196.

Ketilsstaðir – Hóll – Mýrarkot.

Ár 1908, 13. Júlí vorum ver undirritaðir staddir að Mýrarkoti á Tjörnesi til þess, samkvæmt útnefningu sýslum í Þingeyarsýslu að að ákveða og merkja með vörðum landamerki, annarsvegar Mýrarkots, en hins vegar Ketilsstaða og Hóls. Viðstaddir eru Jón R. Jónsson eigandi Mýrarkots, Björn Árnason eigandi Ketilsstaða, Þorsteinn Bjarnarson eigandi og Jón Helgason ábúandi Hóls.

Tilfni áreiðar þessarar er vafi um það, hve langt til heiðar Mýrarkot eigi land. Landamerkjaskrár jarðanna eru við höndina, og telja þær að merkjum ráði sumpart gamlar reiðgötur en sumpart gamlir garðar. Nú eru tvennar „reiðgötur“ til: hinn forni ferðamannavegur og yngri götur nær bæunum. Vafi er á, hvar hinn forni „Héraðsgarður“ hefir legið, þar eð votta sést fyrir görðum á ymsum stöðum og slitrótt. En samstæðast garðlag liggur þó frá Fossgili að ofanverðri Mýrinni ofan við Ketilsstaði, og virðist framhald hans koma fram við svokallaða Hólsvorðu. Meðfram honum liggur hinn forni vegur frá Fossgili, og virðist hann vera vegur sá, er landamerkjaskrárnar benda á. Það verður því álit vort að landamerkin verði álfíta rétt ákveðin eftir þessum vegi og garði og ákveðum vér því, að landamerkjalínur og vörður séu settar þannig:

1. Milli Ketilsstaða og Mýrarkots varða á sjáfarbakkanum sunnanvert við Skarðbakkahól upp af vatnsseyru undan bergi í bakkanum. Þar upp frá gamall garður upp utan við túnið á Mýrarkoti til vörðu, sem nú er hlaðin á grjóthól neðanvert við Grænulág. Þaðan bein stefna í vörðu við hinn forna veg eftir Tjörnesi; þá meðfram veginum í vörðu á sunnanverðum Miðdegisás, og liggja þar saman lönd allra jarðanna.
2. Milli Mýrarkots og Hóls ræður við sjó Kaldaveita frá henni garður suðaustur í syðsta melhól spölkorn utan við túnið á Hóli, og er þar nú hlaðin varða þaðan bein stefna í áðurnefnda vörðu, á Miðdegisás. Með þessari merkjasetningu er Mýrarkotsland afmarkað gagnvart hinum jörðunum, og komu hlutaðeigendur sér saman um, að fullgjöra Merkjavörður sem fyrst.

Þ. Þórarinsson. S. Halldórsson Ben. Benediktsson.

Hérmeð vottast, að landamerkjavörður eru nú fullgerðar á millum framangreindra jarða á hinum tilgreindu stöðum.

p.t. Mýrarkoti 15. Nóv. 1908.

Þ. Þórarinsson Sj. Halldórsson Ben. Benediktsson

Björn Árnason (eigandi Ketilsstaða)

Þorsteinn Bjarnarson eigandi Hóls

Jón Helgason ábúandi Hóls

J. R. Jónsson eigandi Mýrarkots.

Þinglesið vorið 1909.





N<sup>o</sup> 197.

Biskupsbréf  
um landamerki Fagraness og Múla  
Íslands biskupsdæmi Rvík 15. Nóv. 1909.

Tvö skjöl senduð þér mér, með bréfi yðar um landamerki jarðarinnar Fagraness:

1. Endurrit af landamerkjaskrá Fagraness er gerð var að Grenjaðarstað 8. Júlí 1902, og undirrituð mótmælalaust af öllum hlutaðeigendum og síðan þinglesin á Aðaldælapingi 1907, og koma þá fyrst fram andmæli frá ábúanda Múla, að merkin séu ósamkvæm landamerkjum þeirrar jarðar er haldin hafi verið.

2. Eftirrit af bréfi prófests til umráðamanna jarðarinnar séra Ásmundar Gíslasonar 23. Apr 1908, þar sem lýst er yfir að landamerkin milli Fagraness og Múla verði að teljast útkljáð, og að þessi mótmæli eftirá sé þýðingarlaus. Það skjal er líka þinglesið 13. Júní, 1908.

Eg get eigi annað en verið samþykkur prófastinum. Og þó svo væri að eitthvað af hinu sameiginlega beitlandi hins forna Múlastaðar og Fagraness hefði lent öllu frekar Fagraness megin, þá verði eigi við því gert framar, en allir verði að sætta sig við löglega sett merki.

Þórh. Bjarnarson

Þinglýst á Aðaldælapingi vorið 1910.



Nº 198

Landamerki Grundar í Sauðanessókn.

Að austan ræður Lónsá frá Meltanga næsta sunnan við Lónssel, þar til Bruarlækur fellur í hana, þá bein stefna í Stýfluá þar sem Teinalækur fellur í hana, enn hann ræður í Teinalækjarflögu að norðan, þaðan í Þrengingarhól, og þaðan Meltanga er fyr er nefndur.

Jón Halldórsson prestur.

Þessum merkjum, sem lýst er á alla vegu erum vér samþykkir

Guðm. Gunnarsson á Hóli. Helgi S. Pálsson Ásseli, Kr. Jónss. Eldjárnsst.

Jóhannes Jóhanness. Ytralóni. Aðalmundur Jónss. Eldjárnsst.



199.

Landamerki Ytralóns á Langanesi.

Að norðanverðu ræður bein stefna frá Söðulsteini á Lambanesi, sem flæðir yfir, í Rifbeinskeldu og þaðan í Margrétarkeldu, þar sem hún kemur í Lónin, þannig, að Sauðanesseyja fylgir öll Sauðanesi, en tangar þeir sem ganga út í Lónin fylgja Ytralóni. Þaðan ræður bein stefna austast í Skúta og þaðan inn miðjan Grenjamó til móts við tvo melhóla austan við Margrétarkeldur, þaðan bein stefna í Fálkastein, sem er austan við Stýfluá, þar sem hún kemur úr Hólsvatni, og þaðan í krók á læk nyrzt í Teinalækjarflögu ræður svo Teinalækur þar til hann fellur í Styfluá, þaðan bein stefna í Brúarlæk þar sem hann fellur í Lónsá þaðan beint í Bælishóla (miðhólinn) og þaðan í Merkipúfu (Messupúfu) og þaðan í Krossás hinn forna við sjó.

Rekamörk: frá Söðulsteini í Krossás. – (~~Skálholtskirkja á sjöttung hvalreka, en Sauðanesskirkja að örðu leyti, Hún á öll 10 ál. tré og lengri.~~)

[Innskot á spássíu] Rekaftaki ekki lýst samkv. askorun 20.5.1953. Er það því niður fallið. J Skaptason

Sauðanesi 3. Júní 1909

Samþykkir:

Jón Halldórsson prestur

Guðm. Gunnarsson bóndi á Hóli. Sig. Sigvaldason bóndi á Grund

Kr. Jónsson, Jóh Jónsson, Aðalm. Jónsson bóndar á Eldjárnsstöðum

Jón Sigurðsson, Hjörtur Davíðss. bændur í Hlíð.

Þinglýst á Sauðanessþingi vorið 1910



200.

Landamerki Eldjárnsstaða í Sauðanessókn

Úr Bælishólum (miðhólum) beint til fjalls í Merkitind, og þaðan í Hnjúksvörðu, þaðan í vörðutyppi á Øldudalsvarpi; þaðan í Þverárhyrnu, og þaðan í Sandhaug; skilur þaðan Lónsá milli Eldjárnsstaða og Grundar alt að Brúarlækjarósi, og þaðan bein stefna í Bælishól. –

Rekamörk: frá Krossós forna til Deildarskerja. ~~(Tíu álna tré og lengri fylgja Sauðanesi. Rekæign Skálholtskirkju er: „allan flutning milli Krossóss hins forna og Hrafnabjargaár“.)~~

[Innskot á spássíu] Ítökum ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953. Eru þau því niður fallin. J. Skaptason

Sauðanesi 9. Júní 1910

Jón Halldórsson prestur.

Þessum landamerkjum erum vér samþykkir:

Jóh. Jóhannesson bóndi á Ytralóni.

Sigurður Sigvaldason bóndi á Grund.

Jón Sigurðsson, Hjörtur Davíðsson bændur í Hlíð.

Sigurður Jónsson óðalsbóndi í Gunnólfsvík

Baldvin Metusalemsson bóndi á Fagranesi



Nr. 201.

Landamerki

Ljótstaða í Laxárdal. Reykdælahreppi.

Að norðan gegnt Þverárlandi ræður bein stefna úr svokölluðu „Kofabroti“ í hrauninu fast við Laxá um Sauðhól við Ljótstaðamýrabotn, yfir norðanvert Hall í Skollhólamýrabotn syðri.

Að vestan gegnt Hallbjarnarstöðum og Máskoti ræður stefna úr Skollhólamýrabotni við Bryggjumó í miðja Leirtjörn og þaðan í norðvestur horn Kalmanstjarnar.

Að sunnan gegnt Brettingsstöðum ræður bein stefna úr Nöf hjá Flathelli við Laxá í Gunnuvörðu og þaðan í Merkilág við sunnanverða Kalmannstjörn.

Að austan ræður Laxá, og fylgir einn hólmi, Varastaðahólmi.

Engin á ítök í landi þessu, né heldur tilheyra jörðunni ítök í önnur lönd.

Þverá 7. Desember 1910.

Snorri Jónsson (hreppstjóri)

Fyrir hönd þjóðjarðarinnar Hallbjarnarstaða er ég samþykkur þessari merkjaskrá.

Pétur Jónsson (umboðsmaður)

Fyrir hönd bænda eignarinnar Brettingsstaða vegna eigendanna, barna minna er jeg samþykkur

Húsavík 25. Jan. 1911. J. Hálfðanarson.

Samþykkur að því er snertir land ábúðarjarðar minnar Máskots. – 18. Apríl 1911.

Sigurður Vilhjálmsson

Samþykkur vegna eignar og ábúðarjarðar minnar Þverár, með Auðnum. – 12. Júní 1911.

Snorri Jónsson

Þinglýst á Reykdælaþingi 13. Júní 1911, og gerði ábúandi Ljótstaða, Hjálmar Jónsson þá athugasemd, að hann sé þessari merkjaskrá ekki samþykkur að því er snertir merki milli Brettingsstaða og Ljótstaða. – Umráðamaður Ljótstaða, hreppstjóri Snorri Jónsson svarar þeirri athugasemd þannig, að landamerkjaskráin sé samin samkvæm gerðardómi er landstjórnin hafi samþykkt.

Skrifstofu Þingeyjarsyslu Húsavík, 25. Júlí 1911.

Steingrímur Jónsson



Nr. 202.

Landamerkjasamningur  
milli Áss og Svínadals í Keldunesshrepp.

Við undirskrifaðir umboðsmenn eigenda jarðanna Áss og Svínadals í Kelduhverfi höfum komið okkur saman um það, að hin réttu landamerki milli nefndra jarða skuli vera þessi:

1. Frá Dettifossi að framan og austan, beina stefnu til vesturs í Eilífshnúk.
2. Frá Eilífshnúk til norðurs í Lönguhlíð og ræður hlíðin merkjum út á móts við syðsta og vestasta hornið á Langavatnshöfða.
3. Úr „Langavatnshöfða“ í fult austur til „Jökulsár“ sem ræður merkjum fram að Dettifossi.

(Í sambandi við þessi landamerki höfum við og gert þann óafturkallanlega samning að Ás hafi það ítak í Svínadalsslandi frítt engi til árlegra slægna er svarar 20 hestum vel ílögðum af þurrabandi þar í enginu er ábúendum kemur haganlegast í hvert skifti. Auk þess skulu ábúendur Áss mega hafa fría og óátalda göngu fyrir hross þeirra í Svínadalsslandi haust og vor þegar þeir vilja og þörf krefur).

[Innskot á spássíu] Ítakinu var ekki lýst samkvæmt áskorun frá 20.5. '53. Er það því niður fallið. J Skaptason

Að Ási 27. ágúst 1887.

Sem umboðsmaður Jóns Björnssonar í Laxárdal

E. Gottskálksson

Sem umboðsmaður móður minnar húsfrú Helgu Jónsdóttur að Syðralóni á Langanesi

Fr. Guðmundsson

Vitundarvottar

Flóvent Jónsson. Árni Árnason.

Þinglýst á Keldunessþingi 28. Júní 1911.

Steingrímur Jónsson.



Nr. 203

Landamerki

Brettingsstaða í Laxárdal.

Að sunnan gagnvart Helluvaði ræður merkjum bein lína frá Laxá yfir miðjar Geldingatættur vestur yfir miðja Leirtjörn í heiðinni, þaðan nyrzt í Moðkolluás, yfir Brattáss-hala vestaní honum og þaðan bein stefna í Kæfulækjarós.

Að vestan gegnt Víða og Máskotslöndum ræður bein stefna úr Kæfulækjarósi yfir Mátvatn í skarðið í miðja Norðurbáru Mátvatns og þaðan í suðvestur horn Kalmanstjarnar.

Að norðan gegnt Ljótstöðum ræður bein stefna af Nöf við Laxá hjá Flathelli í Gunnvörðu uppi á háásnum, þaðan um Merkilág í Kalmanstjarnarási, sunnantil í Kalmanstjörn, síðan sama stefna vestur tjörnina á merkilínuna að sunnan gegnt Máskotslandi.

Að austan ræður Laxá. Í Laxá eiga Brettingsstaðir Langhólma, Brúarhólma og Strákhólma.

Husavík 7. Febr. 1911

J. Hálfðanarson (umráðamaður)

Samþykkur vegna kirkjujarðanna Máskots og Ljótstaða.

Snorri Jónsson (hreppstjóri)

Samþykkur vegna Helluvaðs:

Sigurgeir Jónsson

Samþykkur vegna Hamars

Jón Eyolfsson

Samþykkur vegna Víða.

Pétur Jónsson (umboðsmaður)

Samþykkur vegna Hofstaða:

Pétur Sigurðsson



204

Landamerki

Máskots í Reykjadal

Að norðan gegnt Hallbjarnarstöðum ræður Litlagróf (Merkigróf) frá Reykjadalsá meðan endist, síðan garður úr grófarbotninum; úr honum um Merkjahól í Merkjalág, beint í miðja Leirtjörn. –

Að austan gegnt Ljótstöðum og Brettingsstöðum ræður bein stefna úr miðri Leirtjörn í norðvestur horn Kalmanstjarnar, síðan úr suðvestur horni hennar í skarðið í miðja Mátvatnsbáru.

Að sunnan gegnt Víðum ræður Málslækur til Reykjadalsár.

Að vestan ræður Reykjadalsá. –

Engir eiga ítök í þessu landi né heldur tilheyra jörðunni ítök í önnur lönd. –

Þverá 15. Október 1910

Snorri Jónsson.

Samþykktur vegna ábúðarjarðar minnar Ljótstaða

Hjálmar Jónsson

Fyrir hönd þjóðjarðanna Hallbjarnarstaða og Víða er er ég samþykktur þessari merkjaskrá.

Gautlöndum 11. Júní 1911.

Pétur Jónsson (umboðsmaður)

Vegna jarðarinnar Brettingsstaða, er ég f.h. barna minna samþykktur þessari merkjaskrá.

Húsavík 15. Júlí 1911.

J. Hálfánarson.





N<sup>o</sup> 205.

Landamerki

Syðralóns í Sauðanesshreppi

Að sunnan ræður Fossá frá sjó þar til Merkilækur fellur í hana, en þaðan lækurinn þar til hann sveigir frá suðri til vesturs og aðskilur Helguflóa og Stóraflóa og þaðan bein stefna í Gunnlaugsárupptök.

Að austan og norðan ræður bein stefna úr Gunnlaugsárupptökum í vörðu á Ytri-Gunnlaugsárhól, þaðan í vörðu í Markgróf, þaðan í vörðu við suðurhorn Markvatns og þaðan bein stefna í vörðu á Háubökkum, og sama stefna í sjó fram.

Syðralón á reka allan fyrir þessu landi.

Þess utan á Syðralón þetta heiðarland: hina svonefndu Grímólfsártungu sem er land alt milli Hafralónsár og Grímólfsár frá upptökum þeirra þar til þær falla saman.

Syðralóni 4. Nóvember 1916.

Guðm. Vilhjálmsson eigandi 5/6 Syðralóns.

Ingimar Baldvinsson eigandi 1/6 Syðralóns

Jón Halldórsson vegna Sauðaness með Staðarseli

Sigr. Viljálmsson Axel Vilhjálmsson vegna Ytribrekkna

Þinglýst á Sauðanessþingi 3. Júlí 1917, og eftirá innfært 10. Júlí s.á.



N<sup>o</sup> 206.

Landamerki

Vestarlandsí Øxarfirði.

Að austan ræður Landsá frá ósi til upptaka, þaðan bein stefna í Syðsta-Vorðuhól austan Dimmagils og þaðan bein stefna í Merkvörðu sunnanvert við Grímsmýrabotna.

Að sunnan ræður bein stefna frá nefndri vörðu vestur yfir Kjalarás í Merkilág sunnarlega í Skógarhólum, og eftir Merkilæk sem sprettur upp í henni ofan að Valagilsá og eftir henni til Jökulsár.

Að vestan ræður Jökulsá milli Valagilsáróss og Landsáróss.

Vestarlandi 28. Júní 1917.

Jón Jónsson (á Vestarlandi)

Samþykkur vegna Austarlands Páll Jóhannesson.

Samþykkur vegna Hafurstaða Gunnlaugur Flóventsson

Þinglýst á Øxarfjarðarþingi 29. Júní 1917 og eftirá innfært 10. Júlí s.á.



Nº 207

Landamerki

Glaumbæar í Reykjadal

Að austan ræður mið Reykjadalsá merkjum.

Að sunnan ræður garður sem liggur frá Reykjadalsá nálægt miðja vega milli Helluvaðs og Glaumbæarholts, sést hann yfir engjar upp að mó; þaðan bein stefna um vörðu í mónum í túngarðinn milli Glaumbæar og Vallakots; þá ræður Grundargil, en þar fyrir vestan garður úr gilbotinum suðvestur á há heiði. Að norðan ræður garður úr Reykjadalsá í Hamrakrök upp að mó, þá bein stefna um vörðu í mónum í túngarðinn milli Glaumbæar og Hamra, þaðan í Klapparhorn, þaðan um gamalt garðlag sunnan á Hamraás vestur syðst yfir Smalaskálholt; þaðan sama stefna vestur á há heiði. Að vestan ræður há heiðin.

Glaumbæ 21 Maí 1918.

Jón Kristjánsson.

Jón Kr. Eyólfsson Hömrum.

Vegna Einarstaða og Vallakots Ásrún Jónsdóttir

Sören V. Jónsson eigandi og ábúandi Glaumbæarsels

Hólmgeir Þorsteinsson ábúandi Vallakots.

Snorri Jónsson (hreppstjóri). –

Þinglýst á Reykdælabingi 22. Maí 1918, ómótmælt og innfært 26. Júní s.á.



208.

Landamerki.

Hólsgerðis í Kinn

(ákveðin af úttektarmönnum Ljósavatnshrepps 22. Júní 1915)

Að norðan ráða merkjum vörður frá vesturbakka Skjálfandafljóts upp Hólsfót í Hólsleiti þar sem fornar reiðgötur koma niður á sléttuna, þá ráða göturnar suðvestur á há leitið.

Að vestan ráða vörður meðfram vegi þeim, sem liggur frá Hólsleiti suðaustur Hólsgerðisdal og heita Efrigötur, er liggja suður Hólsskóg þegar dalnum sleppir, og alla leið suður hjá Spangaseli.

Að sunnan í Hólsskógi ráða vörður upp og ofan hlíðina frá Efrigötum niður í Fljótið nálægt 140 föðmum sunnan við Syðstageira sem er nefndur Illukeldugeiri.

Að austan ræður Skjálfandafljót gegnt Vaðslandi í Reykdælahreppi. Fylgja Hólsgerði allar eyrar og eyar í fljótinu fyrir landi jarðarinnar, að undanskildum svonefndum Úteyrum sem Hóli fylgja; eru þær eyrar nú 4 að tölu sem grónar eru. Kvísl ein skilur þær nú frá syðri eyrunum er kemur frá suðaustri.

Veiðiréttur í Skjálfandafljóti er óskiftur fyrir löndum beggja jarðanna, en notkunarréttur fer eftir jarðarmagni (sbr dýrleika jarðanna)

Að því leyti sem gildandi lög eigi skipa fyrir, má hvorugur landeigandi hindra vatns áveitu úr Rangá eða Skjálfandafljóti, skurðagröft eða þess konar; fer þar um eftir mæli verkfræðings eða skipaðra skoðunarmanna ef ágreiningur verður með landeigendum.

Hóli 22. Júní 1915

Hans Kristjánsson	Sigurður Jónsson
(eigandi Hólsgerðis)	(eigandi 1/7 hl. Hóls)
Skúli Ágústsen	Sig. Sigurðsson
(eigandi Hólsgerðis)	(hrepstjóri)

Þinglýst á Ljósavatnspingi 25. Maí 1918. og innfært 26. Júní s.á.



Nº 209

Landamerki

Ófeigsstaða í Kinn

Að sunnan frá Skjálfandafljóti ræður Merkjagarður milli Hóls og Ófeigsstaða vestur í Ófeigsstaðakíl, ræður hann svo norð vestur Fótinn uns komið er gegnt Torfunessmerkjum. Greina þar löndin merkjavörður vestur til Rangár í garð vestan árinna, er síðan ræður merkjum á fjallsbrún. Þaðan bein stefna yfir Grjótin og Seljadal þveran upp á há brúnir Vesturfjalla. Á Seljadal vestan ár eiga Ófeigsstaðir 1/3 lands milli merkja Torfuness og Syðri Leikskálaá og er sú spilda syðst afmörkuð vörðum.

Að austan ræður Skjálfandafljót, syðst meginna fljótið ~~en víðan~~ en síðan austurkvísl, austan við Staðarbakka.

Að norðan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka og þaðan eftir vírgirðingu yfir Fótinn í vorðu við brekkurrætur þaðan bein lína í há vestur yfir Grjótin og Seljadalsá.

Ofanritaðri merkjaskrá erum við samþykkir:

Ófeigsstöðum í Maí 1919.

Baldvin Baldvinsson eigandi Ófeigsstaða

Friðgeir Kristjánsson ábúandi Þóroddstaða.

Vilhjálmur Friðlaugsson eigandi Torfuness.

Hans Kristjánsson Eigandi Hóls

Sig. Sigurðsson umráðamaður Þóroddstaða.

Þinglýst vorið 1919.



210

Landamerki

milli Brúnar og Hallbjarnastaða í Reykjadal

Úr Svartabakka við Reykjadalsá sunnan við Votahvamm bein stefna út og upp í vörðuna nyrðst á melunum á Selás skammt sunnan við Skjöldugötu

Þaðan bein stefna aust-norðaustur um Skjöldumýrarbotn, laust sunnan við Háa-Skjölduás og í litla vörðu á austari Skjölduás, rétt við Skjöldugötu; þaðan sama stefna á suðurenda Gæsafjalla austur á Ljótstaðahall. –

Alt land sunnan þessara línu, sem hingað til hefir fylgt Hallbjarnarstöðum, fylgir nú og héreftir býlinu Brún, sem byggt var á næstliðnu vori, 1919, með öllum gögnum og gæðum.

Hallbjarnarstöðum 26. Maí 1920.

Sigtryggur Helgason. Björn Sigtryggsson

Ørn Sigtryggsson Helgi Sigtryggsson.

Þinglýst á Reykdælaþingi 1920.



211

Hörgsdalur

Eftir úrskurði gerðardómsmanna gerðum að Hörgsdal 24. Júní 1920, en sem hlutaðeigandi búendur höfðu skuldbundið sig til að hlíta, sem fullnaðardómi, með vottfestum samningi 9. Nóv. 1919, gekk landræma aftur undir Hörgsdal, sem áður hafði verið tekin undir Hrappstaðasel, frá fyrnefndri jörð. Eru því landamerki Hörgsdals að vestan sem hér segir: Mots við Sigurðarstaðaland Kálfborgaráin frá vatni norður í Stórupúfu, þá gegnt Hrappstaðaselslandi úr nefndri á um Stórupúfu þvert austur í Langalækjardrag sem er þar fáum föðmum austar en áin, ræður svo nefndur lækur (nú vanalega nefndur Eyrarlækur) norður eftir, uns hann flæðir út, þá ráða þaðan vörðutyppi norðaustur í Mjósasund hvar lækinn verður aftur glöggur, og ræður þaðan í Svartabakka. Hérmeð eru hin eldri merki milli Hörgsdals og Hrappstaðasels ógild, þar sem þau eru þessum framanskráðu ósamhljóða

[Innskot á spássíu] mótmælt

Hörgsdal 1. Maí 1921.

Helgi Árnason

Mótmælt af ábúanda Hrappstaðasels

Sjá N<sup>o</sup> 254.

Jón Havsteen



212

Landamerki

Hamars í Laxárdal

Að norðanverðu gegnt Hólalandi ræður Hellnagil merkjum neðan fra Laxá upp norðan við Bæjarás, síðan bein stefna austur á Sand þar til komið er gegnt Hamarskíl í Sandvatn. Að sunnan gegnt Hofstaðalandi ræður merkjum syðri röðull Hólkotsgils syðra, síðan gamall garður beint í Sandvatn, síðan ræður vatnið merkjum gegnt Hofstaða og Geirastaðalandi austur gegnt Hamarskíl. Að vestan ræður Laxá merkjum gegnt Brettingsstaða og Ljótstaðalandi.

Hólma tvo á Hamar í Laxá: Hrappstaðaeyu og Langhólma og aðra hólma tvo í Sandvatni: Bjarnartangasker og Seltangasker. – Engir eiga ítök í landið, né heldur á Hamar ítök í önnur lönd. –

Hamri 21 Maí 1920.

Jón Eyólfsson (eigandi)

Samþykkir: vegna Hóla: Helgi Sigurðsson

Samþykkir: vegna Ljótstaða: Hjálmar Jónsson

Samþykkir: vegna Brettingsstaða: Tómas Sigurgeirsson

Samþykkir: vegna Geirastaða: Sigurður Sigurjónsson

Samþykkir: vegna Grímsstaða: Sigfinnur Sigurjónsson

Samþykkir: vegna sömu jarðar Helgi Sigurjónsson

Samþykkir: vegna Hofstaða Pétur Sigurðarson.

Þinglýst á Reykdælaþingi 1921.





213

Landamerki

fyrir Gafli í Reykjadal

sem er nýbýli í landareign Einarstaða

Að austan ræður Seljadalsá.

Að sunnan ræður garður sem liggur frá Seljadalsánni vestur yfir Vatnsás sunnan við Iraskarð, þaðan bein stefna í vörðu við endann á Engivatnslæk er hann fellur í Miðkíl, svo ræður lækurinn það sem hann endist; þá bein lína norður í suðaustur horn Miðkjarnar, meðfram ásnum í vörðu við upptök Augnalækjar. Að norðan ræður bein lína frá lág þeirri er Augnalækur sprettur upp neðanundir og í Þúfuvað á Seljadalsá. Er merkjalína þessi mjög nálægt að vera um hinn svonefnda Úlfsbæarveg.

p.t. Gafli 17. júní 1921.

Jón Haraldsson.

Þinglýst á Reykdælaþingi 1921.



Nº 214

Landamerki

Grænavatns í Skútustaðahreppi

Að norðan eru merkin: úr vörðu syðst í Tóftatanga við Grænalæk, þar sem hann fellur úr Grænavatni bein lína austur í Brunnaklett, og þaðan beint í gilskorn norðan í ytri Prengslaborg, og þá móti Vogalandi beint austur í háfjallgarðinn um Stórahnjúk.

Að austan ræður fjallgarðurinn merkjum suður og svo Bláfjall. Ur suðaustur horni Bláfjalls liggur merkjalínan í hásuður þar til Suðurárbotnar efri eru í vestri.

Að sunnan eru merkin frá nefndum punkti beint vestur í austustu upptök Suðurár. Ræður þá Suðurá merkjum vestur gegnt Skinnhúfutjörn. Að vestan eru merkin úr Suðurá bein lína um miðja Skinnhúfutjörn í upptök lækjar þess, er rennur eftir Svartagili norður um Sandana vestur af Austurlækjum og fellur í þá að vestan mjög nærri því, er Norðurlækur sameinast þeim að austan; ráða þá lækirnir merkjum í Kráká, en Kráká skilur land Grænavatns frá löndum Skútustaða, Krákárbakka og Baldursheims alla leið norður þar til suðaustur ræturnar á fjallinu Jörundi bera yfir miðjan bæinn á Grænavatni. Ræður þá sú lína merkjum norðaustur frá ánni í línu, dregna beint úr austasta gili norðan í Sellandafjalli í austur hyrnuna á há Lambafjöllum (liggur sú lína um strýtumyndaðan klett í Skútustaðaborgum) Ræður sú lína þá merkjum norður í vörðu í Garðsengisgarði þar sem hæsta nibba á Norður-Skógamannafjalli ber yfir norðanverðan Grænavatnsbæ. Úr þeirri vörðu ræður bein lína yfir norðaustur hornið á Garðsengi í vörðu í Víðigarði rétt norðan við engið. Ræður þá sá garður merkjum norðvestur í Strandakíl og þá Strandakíll norður og síðan austur alla leið gegnum Krákuvatn og Einslæk í Grænavatn, en síðan Grænavatn norður hjá fyrst nefndri vörðu í Toftatanga.

Lönd þessara jarða liggja að Grænavatnslandi:

Að norðan: Skútustaða, Garðs og Voga.

Að austan: Reykjahlíðar (öræfi)

Að sunnan: Skútustaða (afréttur)

Að vestan: Skútustaða, Krákárbakkar, Baldursheims og Sveinstrandar (Garðsengi)

Grænavatni 20. Maí 1921.

Helgi Jónsson. Guðni Ásmundsson

(eigendur og ábúendur Grænavatns.

Samþykkur: Árni Jónsson, eigandi og ábúandi Garðs.

Samþykkir. Einar Friðriksson. Jón Einarsson

(eigendur og umráðamenn Reykjahlíðar)

Samþykkur: Hallgrímur Pétursson eigandi Voga.

Að því viðbættu að Skútustaðakirkja á allan skóg í Arahvammi, er ég samþykkur fyrir hönd Skútustaðakirkju. Hermann Hjartarson.

Sömul. Jón Þorsteinsson eigandi 1/4 Skutustaða

Samþykk: Sólveig Pétursdóttir



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

(eigandi og ábúandi Baldursheims)

Samþykkir eigendur Garðsengis

Guðfinna Guðnadóttir

Þorsteinn Þorsteinsson

Þinglýst á Skútustaðapingi 1921

[Innskot á spássíu] Ítakinu var lýst við innköllun skógarítaka samkv. lögum. nr. 100-1940, sbr. auglýsingu 1. apríl 1942 í B-deild Stjt. nr. 44-1942, og er því í gildi. J. Skaptason.

Nr. 215.

Landamerkjaskrá.

Álftagerðis í Skútustaðahreppi

Að austan móts við Skútustaði: bein stefna um klöpp þá sem stendur í miðjum Nautahver við Mývatn í hraunborg sem sem kölluð er Paradís, og enn sama stefna í Vörðuklett í austara hrauni, beint í syðsta horn eða krók á garði er liggur norðvestan við Hólmengi, og enn sama stefna í austanverðan Litlustrandarbæ, og í merkivörðu á Nesjamosa. – Að sunnan móts við Litluströnd: bein stefna úr Merkivörðu vestur í Kráká sama stefna sem ræður milli Skútustaða og Litlustrandar.

Að vestan móts við Sveinströnd og Arnarvatn ræður Kráká.

Að norðan móts við Haganess: bein stefna úr austurenda Merkigarðs á Hamarshólum vestur í Kráká um Lindarnes 34 metra frá suðurtá nessins mælt meðfram lindinni. Álftagerði á Dritey í Mývatni. Jörðin á veiðirétt fyrir sínu landi og í Mývatni eins og verið hefir að fornu, eða landslög mæla fyrir.

Álftagerði 22. Júní 1921.

Steinþór Björnsson. Illugi Einarsson. Jónas Einarsson.

Samþykkir þessari landamerkjaskrá fyrir Sveinstrandarland vestan Krákár

Í umboði Péturs alþingism. Jónssonar

Jón Gauti Pétursson

Samþykkur vegna parta þeirra sem sem ég á í Skútustöðum og Arnarvatni

Jón Þorsteinsson

Samþykkur vegna parts míns í Arnarvatni

Benedikt F. Kristjánsson

Samþykkur vegna Haganess

Helgi Jónsson (handsalað)

Samþykkur vegna hálfis Arnarvatns:

Sigurður Magnússon

Samþykkur þessari landamerkjaskrá að því er snertir jörðina Litluströnd

Helgi Jónsson (eigandi og umboðsmaður)

Fyrir hönd Skútustaðakirkju

Hermann Hjartarson

Þinglýst á Skútustaðapingi 1921.



Nº 216

Landamerkjaskrá

Sigurðarstaða á Melrakkaslétu.

Landamerki milli Sigurðarstaða og Oddstaða eru nú Straumalónsós og í Flatbyltutanga og þaðan í ytra Miðleiði, úr því í fremra Miðleiði, þaðan í Þúfu á Bessaás, Kollás, og svo til heiðar í Kambás austan við Jónsdalsmýrar.

Að austan, milli Sigurðarstaða og Blikalóns eru landamerki þessi: úr miðri Mjóumöl í Landamerkjapúfu, síðan í Landamerkjaás, þaðan í Sveina á vestur brún Blikalónsdals. – Heiðarlönd Sigurðarstaða og Snartastaða liggja saman, og takmörk milli þeirra er bein lína milli Sveina og Kambáss.

Sigurðarstöðum 10. Maí 1921.

Guðrún Bjornsdóttir

Samþykkur hvað landamerkin snertir.

Blikalóni 30. Maí 1921.

Daníel Illugason

Oddstöðum 20. Júní 1921.

Siggeir Pétursson. Ingim. Sigurðsson

Þinglýst á Manntalsþingi að Snartastöðum 1921.



217

Landamerki

Grundar í Grytubakkahreppi.

Að sunnan ræður Kollulækur frá Fnjóská upp að skurði ofan við hinn gamla sýsluveg; þá eftir skurðinum norður að Merkivörðu við hann; þá stefna úr henni í Leysingardrag úr Merkigili og eftir því beint á fjall upp. – Að vestan ræður ysta kvísl Fnjóskár er rennur með grasbakknum. Ennfremur frá Merkivörðu utan og neðan við Grund beinn merkigarður suður eftir flóanum, suður í Fnjóská, þar sem Síki er kallað og árkvíslin beygir til suðurs. Að norðan ræður stefna úr Merkivörðu beint í Tvístein, nú kallaður Skúti og sama stefna á fjall upp. Að austan ræður fjallseggin. – Laufás hefir engjatak í Grundarlandi, og eru takmörkin þessi: að sunnan Kollulækur upp að skurði við gamla sýsluvegin, þá eftir skurðinum norður í Gegni og eftir honum í Fnjóská.

Grenivík 3. Júlí 1922.

Árni Jóhannesson

Samþykktur vegna Laufáss: Björn Björnsson  
Samþykktur sem eigandi Ness: Sveinn Þórðarson  
Samþykktur ábúandi Grundar: Jóhanna Jóhannesdóttir  
Samþykktur ábúandi Lómatjarnar: Guðm. Sæmundsson  
Samþykktur ábúandi Borgargerðis: Jón Sigurgeirsson.  
Þinglýst á Grýtubakkapíngi 1922, og innfært 6. Ág. s.á.  
Gjald 3 kr.



218

Landamerki

milli Lunds og Vagla í Hálshreppi.

Merkjunum ræður Bolagróf er liggur frá fjallsbrún niður milli Lunds og Vaglagræna norðan við Jónshöfða. Þaðan niður gegn um Flatagerði, og þegar grófinni sleppir neðantil á Flatagerði, ræður bein stefna úr mynni hennar þvert vestur til Fnjóskár.

Lundi 24. Nóvember 1921.

Guðni Þorsteinsson eigandi og áb. Lunds

Stefán Kristjánsson ábúandi Vagla.

Samþykkist

Atvinnu og samgöngumáladeild

Stjórnarráðsins 27. Desember 1921.

F.h.r.

Oddur Hermannsson.

Þinglýst á Hálspingi 1922 og innfært 6. ágúst s.á.

Gjald 3 – þrjár – krónur.



Nr. 219

Landamerki

Geirastaða í Skútustaðhreppi.

Á móti Hofstöðum úr há Stórukleif við Laxá beint í Sortulæk þar sem hann beygir austur vestan við Nónbjarg, þaðan eftir Sortulæk í Sandvatn, og ræður það síðan. Í vatninu Fjallseyar með 3 skerjum og eitt sker vestur af Brennu.

Móti Hamri ræður Sandvatn í miðjum ál. Á móti Grímstöðum bein lína úr Brennukílsós í Helguhól. Á móti Vindbelg úr Helguhól beint á topp Belgjarfjalls og þaðan í vörðu á Kerlingarnesi við Mývatn. – Móti Haganesi ræður Mývatn og Laxá í miðjan ál. Móti Arnarvatni skilur kvísl sú er rennur norðan við Geldingaey að Kleyfarfossu, frá Helgey, holmum þeim og öðru landi sem á móti liggur. Í þessari kvísl eiga Geirastaðir 1/2 Slæðuhólma, Áshólma, Hróthólma alla, 1/2 Skiftihólma Helgeyarsker og Landhólma alla.-

Geirastöðum 20 Júní 1922

Sigurður Sigurjónsson

Samþykkir: fyrir Grímstaði: Sigf. Sigurjónsson. Helgi Sigurjónsson

fyrir Hamar: Jón Eyólfsson. fyrir Arnarvat B. Kristjánsson Sigurður Magnússon. Jon Þorsteinsson. – f. Haganes Helgi Jónsson

fyrir Hofstaði Jón Sigurðsson. Ásmundur Sigurðsson.

fyrir Vindbelg Helgi Jónsson hreppstj. fyrir Neslönd Stefan Stefánsson

Þinglýst á Skútustaðapingi 1922.

Júl Havsteen.





Nº 220

Landamerki

Bjarnastaða í Skútustaðahreppi.

Að norðan móts við Gautlönd ræður girðing frá Gautlandalæk gegnt Miðgatnahól vestur í Sandvatn. Úr Sandvatni að vestan ræður bein lína úr Nónlágarkapli vestur á merki Skútustaða og Bárðdælahrepps, sem er lína úr Selvogi í Sauðvatnssel.<sup>1</sup> Úr hormarki því er þar myndast ráða hreppatakörkin suðaustur í Bjarnarpoll austan undir Stórásí. Úr Bjarnarpolti til austurs í Sandvatnskroká Gautlandalæk sunnan og vestan við Blesuholt. Þaðan ræður Gautlandalækur að Miðgatnahól og nyrði Kvíslin við hólmann í Bjarnastaðakrók. Innan þessara merkja eiga Gautlönd lóðarblett kringum tættturnar á gamla Sandvatnsseli sem afmarkast af Selvognum að sunnan, að austan af línu úr Vogbotninum norður í Selásenda, og úr honum vestur í vatnið.

Læt þessari fylgja fjörurettur og landhelgi frá Merkjagirðingu suður í Selvogsbotn. – Að landeign Bjarnastaða eiga eigi aðrar jarðir lönd en að framan eru nefndar.

Bjarnastöðum 30. Maí 1921

Árni Jóhannesson (eigandi og ábúandi)

Samþykkir: Vegna Gautlanda. f.h. Peturs Jónssonar Jón Gauti Pétursson

Samþykkir: Vegna Stórás: Guðl. Valdemarsson. Tryggvi Valdemarsson.

Samþykkir: Vegna Baldursheims: f.h. Sólveigar Petursd. Þórólfur Sigurðsson.

Þinglýst á Skútustaðapingi 1922

Júl. Havsteen.

---

<sup>1</sup> Síðar í textanum skrifað sem Sandvatnssel.



Nº 221

Landamerki

Gautlanda í Skútustaðahreppi.

Að norðan móts við Helluvað: Marðarvað í Helluvaðsá og þaðan bein lína vestur yfir miðja Helluvaðstjörn í Grófarás þar sem götur skerast vestaní honum, og sama stefna vestur í Austurgróf gegnt syðri enda Langholts ytra. Ráða svo Helluvaðsgrófir merkjum ofan að Miðþvergróf.

Að vestan móti Stöng ræður stefna úr Miðþvergróf suður yfir „gamla heystæði“ í Selkílskrók vestri þar sem kíllinn beygir austur á Seleyrar. Þá ræður Selgróf og dragið „milli fella“ suður að Dýnuvegi. Ræður sá vegur merkjum til vesturs úr Brúsatjarnardragi að Dýnuholtum vestur á hreppamörk Barðdæla, þar sem Hörgsdalslandi sleppir að vestan, en hreppamörk eru ur Föxugrófarbotni í Bjarnapoll. Að vestan móti Hörgsdal og Stórásí ræður nefnd lína suður í Stórásinn þar sem Nónlagarkjaft ber í Selgvog í Sandvatni.

Að sunnan móts við Bjarnastaði ræður stefna frá nefndu hornmerki í Nónlagarkjaft við Sandvatn. Úr vatninu ræður vírgirðing skammt norðvestan við Sandvatnssel, austan undir Grjóthöfða og þaðan í ytri enda Dagmálaáss um Trítíl, að Gautlandalæk við Miðgatnahól. Ræður svo lækurinn þaðan móti Litlustrand norður að túngirðingu Gautlanda. – Utan þessara ummerkja eiga Gautlönd landspildu við Sandvatn kringum Sandvatnssel, og eru takmörk hennar þessi: að austan bein lína úr Selvogsbotni norður í Seláss-enda, og þaðan beint til vesturs í vatnið, fylgja heinni öll vatns og fjöruréttindi. – Að sunnan móti Litlustrandarlandi ræður gaddavírsgirðing frá Gautlandalæk gegnt túngirðingu til austurs í norðanverða Sveinstrandartjörn, en þá kemur austur að túngirðingu Sveinstrandar skal hún ráða. Síðan ræður stefna yfir Sveinstrandartjörn í merkigard á Kofaholti austur í Kráká, en hún ræður merkjum gegnt Alftagerði. Að norðan gegnt Arnarvatni ræður bein stefna suðvestur frá Fagradalshól við Arnarvatn í Tíðaskarðspúfu við sunnanvert Tíðarskarð og þaðan norðarlega í Hjálmuholt í klett sem er í Nautey og vörðu við Kráká, og er það bein stefna úr þúfunni í Skútustaðakirkjuturn.

Gautlöndum 25. Júní 1922

Fyrir hönd eigenda Gautlanda

Jón Gauti Pétursson

Sem ábúendur og eigendur jarðanna: Stóráss, Hörgsdals, Stangar, Helluvaðs, Arnarvatns, Alftagerðis, Litlustrandar og Bjarnastaða samþykkum vér þessa landamerkjaskrá:

Guðlaugur Valdemarsson (eig. Stóráss.) Helgi Arnason eigandi Hörgsdals

Ásm. Kristjánsson eig Stangar. Sigurgeir Jónsson eig. Helluvaðs.

Jón Þorsteinsson. Sigurður Magnússon eigendur Arnarvatns.

Steinþór Björnsson. Valdem. Halldórsson eigendur Alftagerðis.

Helgi Jónsson f.h. eig. Litlustrandar. Friðjón Jónsson eig. Bjarnastaða.

Þinglýst á Skútustaðapingi 1922.

Júl. Havsteen.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS



Nº 222.

Landamerki

Breiðuvík á Tjörnesi

„Reka allan út í Sauðhellir í Sandvík og inn í Fosslæk; öll Breiðuvíkursker með öllum gögnum úr rífi því er gengur úr fjörunni skammt vestur frá Fosslæk er rennur úr Fossgili og út að Breiðuvíkurskerjum. – Landamerki Breiðuvíkur þessi: Vesturfrá í mitt Fossgil svo lengi sem það vinnst fram í heiði; Út frá í Grenjalág.“ –

Úr bréfabók Skúla próf. Þorlákssonar á Grenjaðarstað í safni Árna Magnússonar Nº 255 í 4<sup>o</sup> bls. 437.

Það vottast hérmeð notarialier að ofanskráð merkjalýsing sé nákvæmlega samhljóða mér sýndu skjali, sem Jón Sigurðsson skjalavörður við safn Árna Magnússonar hefir ritað eftir bréfabók Skúla Þorlákssonar árið 1851 og sent Jóni Jónssyni R. af Dbr. presti á Grenjaðarstöðum ásamt landamerkjum fleiri Grenjaðarstaðakirkjujarða.

Not. publ. í Þingeyarsýslu 10. Okt. 1921.

Júl Havsteen

(L. S.)

Þinglýst á Húsavíkurlingi 1922, og mótmælt af Sandhólabónda.



Nº 223

Landamerki

Miðhvamms í Aðaldælahreppi.

Að sunnan móti Brekku ræður bein lína frá Lindarhólum við Hraunstjörn upp til heiðar í Lönguhlíð, þar sem ákveðin er girðing

Að austan: norður eftir Lönguhlíð að Yztahvammslandi eins og ákveðin er girðing. Að norðan gegnt Ystahvammi ræður garðlag fornt frá Reykjavísl niður að Dauðhyslæk litlu sunnan við Ystahvammstún. Vestan Dauðhysls á Miðhvammur land í Austurhaga sunnan við línu frá Löngubryggju í Hrossaborg og þaðan vestur að Hraunslandi, en þar ræður bein stefna úr Rauðhol í Lindarholur. Miðhvammsengi er í Hraunslandi og ræður að austan garðbrot frá ánni norður að grjótgarði sem ræður merkjum að norðan sunnan við Hraunsrétt, og úr garðinum í Arnarhól og úr honum beint suður í ána eftir merkjasteinum

Miðhvammi 1. Júní 1922.

Sigurjón Friðfinnsson Kjartan Sigurjónsson

Samþykkir vegna Klambrasels Kristj Johannesson Har. Jóhannesson

Samþykkir vegna Brekku Jón Bergvinsson

Samþykkir vegna Ystahvamms Jónas Sigurbjörnsson

Samþykkir vegna Hrauns Sigurður Jónasson

Þinglýst á Aðaldælaþingi 1922.

Gjald 3 – þrjár – kr.



Nº 224.

Landamerki

Nýabæar í Keldunesshreppi.

Að vestan ræður Stórá eins og hún fellur nú frá Tungusporði norður gegnt Kílsós milli Tanga og Bitholts vestur frá Arnarnesi. – Að sunnan úr Tungusporði í Tvíþúfur og þaðan í Grænutóft í Kíl. – Að austan úr Grænutóft austur fyrir Hlaupodda og síðan farvegur Kílsins út í Kílsós milli Tanga og Bitholts. – Alt land innan téðra marka er óátalin eign Nýabæar.

Nýabæ 19. Júní 1922

Í umboði eiganda Nýabæar

Guðm. Guðmundsson (ábúandi)

Samþykkur vegna Garðs: Þórarinn Grímsson

D<sup>to</sup> vegna Austurgarða: Haraldur Asmundsson

D<sup>to</sup> vegna Arnarness: Jóhann Jóhannsson

D<sup>to</sup> vegna Eyvindarstaða Hjörtur Helgason

D<sup>to</sup> vegna Krossdals: Jóhannes Sæmundsson

Þinglýst á Keldunessþingi 1922.

Gjald 3 – þrjár – krónur



Nº 225

Landamerki

Grímsstaða á Hólsfjöllum.

Grímsstaðir eiga land úr Hrútá þar sem hún fellur í Selá, vestur Dimmagil í Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi, þaðan beina stefnu í Skarðá þar sem hún fellur í Jökulsá, en Jökulsá ræður að vestan þar til ytri Vatnsleysa fellur í hana, svo ræður hún að upptökum, þaðan bein stefna í Selá þar sem Hrútá fellur í hana.

Nýibær.

Nýabæjarland takmarkast af nyrðri og syðri Vatnsleysu svo lengi sem þær ráða landi

Grímsstoðum 15. Maí 1922

Sigurður Kristjánsson. Halldóra Sigurðardóttir Kjartan Kristjánsson

Arnbjörn Kristjánsson (eigendur Grímsstaða)

Vilmundur Helgason (eigandi Haugsstaða í Vopnafirði)

Sigurður Þorsteinsson (eigandi Hólssels)

Ingólfur Kristjánsson (eigandi Víðirhóls 1/2)

Björn Sigvaldason (eigandi 1/2 Víðirhóls)

Jón Sigtryggsson (eigandi Grundarhóls)

Þinglýst á Øxarfjarðarþingi 1922.

Gjald 3 – þrjár – krónur.



Nr 226

Landamerki

Lóns í Keldunesshreppi

I. Landamerki eru þessi: Að vestan bein lína úr vestari enda á grjótgari þeim sem hlaðin er yfir þvert Selnes um mitt Ósasker vestan austari Rífsós norður til sjávar, og til suðurs að veginum milli Sulta og Fjalla. Að austan bein lína frá rekamarki milli Lóns og Víkingavatns um vörðu á vestustu Hrauntá í miðjan Þríhyrning suður að nefndum vegi milli Fjalla og Sulta en hann ræður merkjum að sunnan.

~~(II. Engjamerki þeirra tveggja engjaítaka sem Lón á í Víkingavatnslandi eru: a. í Foræðum: að sunnan bein lína úr Meninu í Menisflögu um þúfu í Djúputjörn austur í aðra þúfu sem er sunnantil á vesturbakka Lómatjarnar. Þaðan úr Lómatjörn eftir miðri Röndinni norður frá Lómatjörn en austan við Grunnuflögu norður að Foræðavöðum. Þá eftir götu um Foræðavöðin og svo vestur norðan við Bakkapúfutjörn eftir götunni vestur undir Illatanga þangað sem mætast merki Lónsforæða og Illatanga. Þaðan eftir Bakkapúfutjörn suður í Vatnsvíkið milli Illatanga og vestri Grænutappar norðan við Menisflögu; þá í boga í mitt sund milli milli tapparinnar og Illatanga, og svo bein lína úr Rotpoll í Menið sem Menisflaga er kend við.~~

~~b. Langhólmi með Botnum. Þar eru merkin: Að norðan mið Botnatjörn, að austan Illtangi, að sunnan og vestan vatnið, og þar sem stararflögur Lóns og Víkingavatns —: Tóbakshrós og Halldórshólma liggja saman, eru merkin í mitt sund. — Aðrar nytjar en þessi engjaítök á Lón eigi í Víkingavatnslandi.)~~

[Innskot á spássíu] Ítökum var ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953. Eru þau því niður fallin. Jóhann Skaptason

Eftir umboði eigenda Lóns

Lóni 14. Júlí 1922.

Björn Guðmundsson.

Samþykkir vegna Víkingavatns, Kílakots, Sulta og Ólafsgærðis

Margrét Þórarinsdóttir eigandi Ólafsgærðis

B. Þ. Víkingur (eigandi 1/2 Víkingavatns.)

Kristján Kristjánsson (eigandi 1/2 Víkingavatns)

Þórarinn Sveinsson (eigandi Kílakots)

Sigurrós Sigurgeirsdóttir eigandi 1/2 Sulta

Guðmundur Kristjánsson vegna 1/4 Sulta

Björn Guðmundsson vegna 1/4 Sulta

Ólafur Jónsson eigandi Fjalla.

Gunnar Sigurðsson eigandi Auðbjargarstaða

Þinglýst á Keldunessþingi 1922.

Gjald 3 – þrjár – krónur





N<sup>o</sup> 227

[Innskot á spássíu] Sjá nr. – 254

#### Hörgsdalur

I. Sökum ágreinings sem orðið hefir um landamerki milli ábýlisjarða okkar, höfum við orðið ásáttir um að nefna sinn manninn hvor til að athuga og útkljá nefnan ágreining, skulu þeir koma sér saman um oddamann. Felum við þessum þremur mönnum að athuga og úrskurða allar okkar kröfur, skjöl og skilríki, sem við kunnum fyrir þá að leggja þessu máli viðvíkjandi, og skuldbindum okkur til að hlíta úrskurði þeirra sem fullnaðardómi. Til þessa tilnefndum við þá Jón Guðnason bónda í Brennuási og Sigurgeir Jónsson bónda á Helluvaði. Til staðfestu eiginhandar nöfn okkar

Vottar:

Staddir að Stöng 9. Nóv. 1919

Ásmundur Kristjánsson

Helgi Árnason bóndi í Hörgsdal

Stefán Benediktsson

Ásgeir Þorláksson Hrapstaðaseli

II. Fimmtudag 24. Júní 1920 vorum við undirritaðir gerðardómsmenn staddir í Hörgsdal, til þess eftir ósk hlutaðeigenda að gera út um ágreining um landamerki milli Hörgsdals og Hrapstaðasels. Var fyrir okkur lögð landamerkjaskrá fyrir Hörgsdalslandi. Síðan riðum við ásamt ábúendunum á merkin og kynntum okkur það sem milli bar. Að því loknu vorum við tveir sammála um að fylgja frammannefndri landamerkjaskrá sem goðri og gildri; en þar sem farvegur Langalækjar er á töluverðum spöl frá Eyrum út í Mjósund nær órekjanlegur kom okkur saman um að merkjalínan skuli vera eftir vörðutyppum sem við gerðum. Syðst í Langalækjardrögum gerðum við einnig vörðu sem ráði merkjum um Stórupúfu í Kálfborgará. Afhendum við svo frammannefnda landamerkjaskrá sem gildandi með þessum viðauka.

Snorri Jónsson (oddam.) Sigurgeir Jónsson (vegna Hörgsdals)

Ósamþykktur: Jón Guðnason (vegna Hrapstaðasels.

#### III. Landamerkjaskrá Hörgsdals.

endurskráð og aukin 1920.

A. Að vestan móts við Sigurðarstaði ræður Kálfborgará sunnan úr vatni norður í Stórupúfu á árbakkanum.

B. Úr Stórupúfu í Langalækjar drag fáum föðmum austar en áin rennur. Þaðan ræður Langilækur norður á Eyrag og þaðan vörður norður í Mjóasund og eftir því þar Langilækur verður glöggur og ræður hann síðan í Svartabakka.

D. Frá Svartabakka ræður Langilækur í Laugagróf.

E. Síðan ræður Laugagróf frá því er Föxugróf fellur í Hörgsdalsgróf og úr því Föxugróf upp í Botn. Hörgsdalur á Sporðhólma og Flathólma norðan við grófina.

F. Að austan frá Föxugrófarbotni suður í mitt Jafnafell, ræður fyrst Dýnulækur að upptökum en þaðan beint í Bjarnapoll og í vörðu sem er hornmark landsins.



G. Að sunnan bein lína úr Hornvörðu yfir há Jafnafell og í Kálfborgarárós. Grjótvörður eru á Jafnafelli sem hlutaðeigendur viðurkenna á réttum stað. – Þar sem eldri landamerkjaskrár eru ósamhljóða, skal þessi gildari.

Sem eigandi 2/3 Hörgsdal en ábúandi og umráðamaður allrar jarðarinnar

Helgi Árnason

Samþykkur vegna Laugasels Asmundur Helgson

Sem eigandi og ábúandi Stangar Ásmundur Kristjánsson

Samþykkur vegna Gautlanda Jón Gauti Pétursson

Sem eigandi Lundarbrekku: Jónas Jonsson.

Sem eig. Stórás og Engidals Guðl. Valdemarsson. Tryggi Valdemarsson

Sem eigandi og ábúandi Stafnsholts: Helgi Jónsson

Hörgsdalur á þessi ítök:

1. 600 f. Gaddavírsgirðinu milli Sandvatns og Kálfborgarvatns
2. Veiðirétt með dorg í Mývatni eins og aðrar jarðir í Skútusthreppi.
3. Veiðirétt í norður Kálfborgarvatni.

#### IV. Yfirlýsing.

Í tilefni af því, að Helgi Árnason bóndi í Hörgsdal hefir þinglýst veiðirétti í Kalfborgarvatni, þá lýsi ég yfir því, að nefndur Helgi hefir aðeins lagnetjarétt í vatninu á meðan ég lifi.

Staddur á Sigurðarstöðum 1 Júlí 1922

Jónas Jónsson

Þinglýst á Bárðdælaþingi 1922.

Landamerkjum mótmælt af ábúanda Hrapstaðasels – sjá sætt N° 254.

Jón Havsteen



Nº 228

Landamerki

Hraunkots í Sauðanesshreppi.

Bein stefna ræður úr innri krók á austasta Hestalæk í Klapparþúfu suðvestur af fossinum í Hestalæk, þaðan beint í Landanessvörðu, þaðan beint í Illasundshól, þaðan í vörðu í miðjum Höllum, þaðan í Jarðfall utan við Djúpaker og þar í lækjarseyru sem ræður merkjum í Vatnadalslæk; ræður svo sá lækur til upptaka, og þaðan bein stefna í vörðubrot á mel utan við Tjarnir. Þaðan bein stefna í innri krók á austasta Hestalæk.

Hraunkoti 12. Júlí 1922

Porvaldur Pálsson

Landamerkjum þessum erum vér undirskrifaðir að öllu leyti samþykkir.

Benedikt Jóhannsson eigandi og ábúandi Staðarsels

Helgi Pálsson eigandi Ássels.

Guðmundur Gunnarsson ábúandi og eigandi Hóls

Þinglýst á Sauðanessþingi 1922.

Nr. 229

Víkingavatn

Sultir, Kílakot og Ólafsgærði í Keldunesshreppi

Í tilefni af ágreiningi sem verið hefir um engjamerki milli þessara jarða, höfum við undirritaðir eigendur þeirra komið okkur saman um eftirfarandi atriði um skifti á engi því sem liggur austan við vatnið í landi nefndra jarða:

1. Víkingavatni tilheyri: Grásíðutjarnir, Djúputjarnarmýri Foræði og Bringukollskriki.
2. Sultum tilheyri Sultaflákar samkvæmt gömlum merkjum.
3. Kílakoti tilheyri: Kvíslarengi, samkvæmt gömlum viðurkendum merkjum
4. Ólafsgærði tilheyri: Illakelda, Snarhólmi, Snarhólmsflaga, Alftagarður, Alftagarðspúfa, Ólafsgærðisflögur og Fúsatangi og Víðiskíll austan Kílakots landamerkja.  
Øll þessi engjastykki liggja í samhengi, og takmarkast að norðan og norðaustan af Víkingavatnsforæðum að austan af Sultaflákum að sunnan af svo nefndum Bitsandi og að vestan af vatninu og Kvíslarengi.
5. Bringukollstjarnir, Stóraflaga, Stóruflogudrög sem ná norður að Lómatjörn og mýrarnar sunnan og vestan við Bringukoll skiftast milli áður nefndra jarða eftir hundraðatali þeirra samkvæmt fornu mati.
6. Gjörning þennan skal rita í fjórum samhljóða eintökum og að fenginni undirskrift allra hlutaðeigenda, þinglesa á kostnað þeirra allra. Fylgir eitt eintak hverri jörðu. Er gjörningur þessi bindandi sem venjulegar landamerkjaskrár, og óuppegjanlegur nema með samþykki allra hlutaðeigenda.

Víkingavatni 28. júlí 1921.

B. Þ. Víkingur. (eigandi 1/2 Víkingavatns)

B. Kristjánsson eigandi 1/8 Sultum

Kr. Kristjánsson eigandi 1/2 Víkingavatns

Guðm. Kristjánsson eigandi 1/8 Sultum.

Þórarinn Sveinsson eigandi Kílakots.

Sigurrós Sigurgeirsdóttir eigandi 1/2 Sulta

Þinglýst á Keldunessþingi 1922



Nr. 230

Skógar og Ærlækjarsel  
í Øxarfirði.

Við undirritaðir höfum komið okkur saman um að landaskifti milli jarðanna Skóga og Ærlækjarsels skuli vera þannig:

Skógum tilheyrir allt land vestan við girðingu, sem liggur frá Víðirbakkahorni út í Vík á milli Réttartanga og Illukelduhólma og þaðan beina stefnu til sjóar.

Ærlækjarseli tilheyrir allt beitland frá áðurnefndri girðingu austur að landamerkjum Hróarstaða og Akursels, norðan við línu frá Víðisbakkahorni í syðra í horn Sandfells. Fyrir sunnan þá línu tilheyrir landið að hálfu Skógum og að hálfu Ærlækjarseli.

Skógum tilheyrir þetta engi austan girðingar Laufengi í Borgarkrók (norður röndin) Hólkíll frá vörðum sem eru milli Ærlækjarsels og Hroarsstaða norður í botn. Ekjumýri norðan við garð sem liggur þvert yfir hana, Djúpiflói og drög norður úr honum. Leira frá landamerkjum Hróarstaða og Akursels norður að merki á vesturbakka Banadrags og að austan að Banapolli. Tóftarflaga frá merki vestan við Mórauðapoll beina stefnu í Skurðbotn, og þaðan ræður skurðurinn að Lónunum.

Veiði í Jökulsá skiftist þannig á milli jarðanna að Skógum tilheyra 2/3 hlutar og Ærlækjarseli 1/3 hluti.

Ærlækjarseli tilheyrir 1/6 hluti úr Skóga og Klifshagareka.

Skógum 19. Október 1921.

Gunnar Árnason eigandi 1/2 Skóga

Björn Sigurðsson umráðamaður Ærlækjarsels

Fjárhaldsmenn Björns og Þórarins Jónssona eigenda hálfra Skóga

Oli G. Árnason. Sigurður Björnsson

Vitundavottar:

Sigvaldi Jónsson. Björn Björnsson

Þinglýst á Skinnastaðapingi 1922.



N<sup>o</sup> 231

Landamerki  
Víkur á Flateyardal

Að sunnan móti landi Jökulsár eru merki eftir beinni línu úr há Botnahrygg ytri við Jökulsárbotna um Vörðuhól sunnan og ofan við Víkurenni, utanvert við Stekkjarhól, í sjó fram. Að vestan móti landi Kaðalstaða eru merki eftir Hafragjá austanvert við Skriðuhrygg, og gengur úr fjalli ofan niður í sjó.

Jökulsá 1. Júní 1922.

Emilía Sigurðardóttir. Björg Grímh. Sigurðardóttir

Sem eigandi jarðarinnar Jökulsár er ég þessari landamerkjaskrá samþykkur í alla staði

Jökulsá 1. Júní 1922

Grímur Sigurðsson.

Sem eigandi jarðarinnar Kaðalstaða er ég þessari landamerkjaskrá samþykkur.

Kaðalstöðum 5. Júní 1922

Jóhann Sigurðsson.

Þinglýst á manntalsþingi Flateyarhrepps 1922.

Gjald 3. – þrjár – krónur



Nº 232

Landamerki

Jökulsár í Flateyardal

Að utan móti Víkurlandi eru merki eftir beinni línu úr há Botnahrygg ytri um Vörðuhól, utanvert við Stekkjarhól í sjó fram. Að sunnan móti Brettingsstaðalandi eru merki Nausteyrarás úr Víkurvatni í sjó fram austan Víkurhöfða. Síðan ræður Víkurvatn, þaðan Merkihryggur upp á Sjónarhól og þaðan upp á Stórhól og þaðan eftir Þröskuldi á fjall upp.

Jökulsá 25. Júní 1922.

Grímur Sigurðsson.

Sem eigendur Víkur erum við samþykkar:

Emilía Sigurðardóttir Björg Grímh. Sigurðardóttir

Sem eigendur Brettingsstaða erum við samþykkir

Páll Guðmundsson. Tryggvi Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi Flateyrahrepps 1922

Gjald 3 – þrjár – krónur

[Innskot á spássíu] Fært í registur hingað



Nº 233

Landamerki

Flögu í Svalbarðshreppi

Úr tanga þeim sem ber vestan við Hjálmarsnesshlass, en er austan við Þrætubás, beina stefnu í Beinþúfu í Flöguflóa; þaðan beina stefnu í Uppsprettur; þaðan beint í krók þann sem Austurlækur myndar þar sem hann fellur í Ósinn, og þaðan beina stefnu í Fossárgljúfur. Þaðan ræður Sandá til sjávar. Aður nefnd Selþúfa feld úr með samþykki beggja hlutaðeigenda.

Flögu 15. Nóvember 1922

Guðmundur Þorsteinsson

Þessi landamerkjaskrá viðurkennist hérmeð af viðkomandi hlutaðeigendum

Páll H. Jónsson Svalbarði.

Einar Hjartarson Fjallaseli

Þinglýst vorið 1923.





Nr 234

Landamerki

Staðarsels í Sauðanesshreppi.

Að sunnan ræður bein lína úr Gunnlaugsár upptökum í Illasundshól. Að austan ræður bein lína úr Illasundshól í vörðu á miðjum Höllum, þaðan í vörðu á Sólhól og þaðan beint í vörðu á Selöxl. Að norðan ræður bein lína úr síðast nefndri vörðu í keldu er fellur vestur í Gunnlaugsá og þaðan beint í landamerkjalinu Sauðaness og Syðralóns. Að vestan ræður þaðan bein stefna í vörðu í Ytri Gunnlaugsárbotnum og þaðan bein lína í Gunnlaugsár upptök

Staðarseli 7. Desember 1922

Benedikt Jóhannsson

(eigandi Staðarsels)

Guðmundur Gunnarsson vegna Hóls.

Ingimar Baldvinsson vegna Þórshafnar.

Með fyrirvara vegna Sauðaness: Þórður Oddgeirsson

Þorvaldur Pálsson vegna Hraunkots.

Sigurður Vilhjálmsson Davíð Vilhjálmsson (Vegna Ytribrekkna.

Þinglýst á Sauðanessþingi 1923



Nº 235

Landamerki

Hóls í Sauðanesshreppi:

Að sunnan ræður bein stefna úr vörðu á miðjum Höllum í jarðfall á læk sem fellur úr Djúpakeri og ræður hann í Vatnadalslæk. Að austan ræður Vatnadalslækur í Asselsvatn, svo bein lína úr Vatnsdalslækjar ós í Teinalækjarsprengingar og síðan Teinalækur í Krók yst í Teinalækjarflögu

Að norðan ræður bein lína úr nefndum Krók í Fálkastein austan við Stýfluá utan við Hólsvatn og þaðan í vörðu vestan á Grenjamó utanvert við Starartjörn. Að vestan ræður bein stefna úr nefndri vörðu í Kristínarvörðu, þaðan í vörðu á Sólhól, og þaðan í vörðuna á miðjum Höllum.

Hóli 8. Júlí 1922

Guðmundur Gunnarsson

Framanrituðum merkjum erum við í öllu samþykkir

Benedikt Jóhannsson eigandi Staðarsels.

Þorvaldur Pálsson eigandi Hraunkots.

Þórður Oddgeirsson prestur á Sauðanesi

Jóhannes Jóhannesson Eigandi Ytralóns

Sigurður Sigvaldason eigandi Grundar.

Helgi S. Pálsson eigandi Ássels

Þinglýst á Sauðanessþingi 1923.



Nº 236.

Landamerki  
Svalbarðs í Pistilfirði

Að vestan ræður Svalbarðsá frá ósi og og fram á móts við Merkilækjarós (milli Garðs og Flankafells). Þaðan ræður bein stefna um hinar fornu beitarhúsatóftir í norðausturenda Svalbarðsselsáss; þaðan bein stefna í Guðlaugsstein sem er rétt við Vesturlækinn að vestanverðu. Þaðan bein stefna vestan við vestanverðan Grjótás (í vörðu) fram á móts við Vesturlækjarþröng og þaðan í sjálfa Þröngina. Úr henni í vörðu við reiðgötur á há Svartás og þaðan í vörðu við Fossagljúfur utanverð, það sem lönd Flögu og Fjallasels koma saman, og þaðan í krók þann er Austurlækur myndar er hann fellur í ósinn (Beitarhúsaós) Úr kroknum bein stefna í Uppsprettur, þaðan bein stefna í Beinþúfu í Flöguflóa; þaðan bein stefna í tanga þann sem ber vestan við Hjálmarsnesshlass en er austan við svo nefndan Þrætubás. (Aður var síðast nefnd stefna talin um Selþúfur og Selþúfur á nefndum tanga, en samkomulag varð um, að hafa stefnuna beina). Þaðan ræður sjórinn vestur að Svalbarðsárósi.

Svalbarði 9. Des. 1922

Páll H. Jónsson

(prestur)

Við undirskrifaðir bændur, sem eigum yfir landi að ráða að takmörkum Svalbarðs, erum samþykkir ofanskraðum merkjum:

Guðmundur Þorsteinsson í Flögu.

Halldór Kristjánsson í Svalbarðsseli

Einar Hjartarson Fjallaseli

Þinglýst á Svalbarðsþingi 1923



N<sup>o</sup> 237.

Landamerki  
Sævarlands í Þistilfirði

Þessi eru hin viðurkendu landamerki jarðarinnar Sævarlands.

Frá Svalbarðsarósi í suður ræður Svalbarðsá merkjum milli Svalbarðs og Sævarlands alt þar til er Tungná fellur í Svalbarðsá. Skilur svo Tungná Garðs og Sævarlands lönd í vestur í odda á svo nefndum Langatanga er Tungná myndar þannig að hún rennur í suður með honum að vestan og síðan að austan í norðaustur. Úr Langatangaodda er bein merkjalína milli Sævarlands og Brekknakots norðaustur í torfvörðu er stendur á litlum melhól sunnan við svo nefnda Merkihellu(?). Þaðan í grjótvörðu á Brekknakots brekkubrún litlu utan en svonefndur Lokaásvegur liggur upp á brekkubrúnina. Frá vörðu þessari liggur merkjalínan beint í stóran stein á Leirbjarnarhálsi, er sést bera við loft frá brekkuvörðunni. Á stein þennan eru höggirnir stafirnir Mst er þýðir „marksteinn“. Frá steini þessum heldur merkjalínan áfram sömu stefnu norðvestur í Víðidalsá er rennur í norðaustur á landamerkjum Sævarlands og Valla alt þar til hún fellur í sjóinn neðan við sjálfa túnbrekkuna á Völlum. Að norðan og austan á Sævarland alt land að sjó, svo sem Viðarvík, Rauðanes og Sævarlandsmöl að upphaflega nefndum Svalbarðsarósi, og reka fyrir sínu landi.

Sævarlandi 10. Des. 1922

Guðjón Einarsson. Kristdór Gamalielsson

Ofanskráð landamerkjaskrá viðurkennist hérmeð af viðkomandi hlutaðeigendum.

Páll H. Jónsson Svalbarði.

Jón Guðmundsson Garði

Sigfús Vigfússon Brekknakoti

Þorvaldur P. Guðmundsson Völlum

Þinglýst á Svalbarðsþingi 1923



Nº 238

Landamerki

Hlíðar í Sauðanesshreppi.

Að norðan ræður bein stefna úr austanverðu Deildarskeri austur eftir vörðum í Hlíðarholtum gegnt Heiðarlandi í læk þann, sem kallaður er Brúkmýrarlækur og fellur í Hólmavatn.

Að norðaustan ræður bein stefna úr ósi Brúkmýrarlækjar í vörðu á norðaustanverðum bakka Gunnvararvatns. Þá ræður austurbakki vatnsins að vörðu á honum sem er niður af Stórahvammi; þá bein stefna upp Stórahvamm að vörðu sem er á lindarbakka rétt vestan við heystæði, nálægt miðjum hvamminum og enn sama stefna um vörðu ofan við hvamminn, og þaðan upp á Nónfjallsbrún; þaðan í vörðu fyrir utan Øldudal. Að sunnan móts við Eldjárnsstaði er stefnan frá nefndri vörðu í Hnjúkvörðu; þaðan beint í Merkilind, þaðan í Bælishól (miðhólinn), þaðan í Merkiþúfu í Þúfnamó, sem er vestur af Bæjarvatnsbotni; þaðan bein stefna á Messuþúfu og þaðan í stein á næsta tanga ofan við efra vað á Krossás.

~~(Rekaítak á Hlíð fyrir Heiðarlandi frá Deildarskerjum til Graftjarnar, eða í innri skurð þann, sunnan við Heiðarhöfn sem fellur úr Graftjörnum. Rekaítak á jörðin Eldjárnsstaðir fyrir Heiðarlandi frá Krossá í Deildarsker)~~

[Innskot á spássíu] Ítökum var ekki lýst samkvæmt áskorun frá 20.5.1953 Eru þau því niður fallin. Jóhann Skaptason

Gunnlaugur Jónsson Daníel Jónsson eigendur Eiðis

Jóhannes Jóhannesson eigandi Ytralóns

Kristján Jónsson Jónas Aðalmondsson eigendur Eldjárnsstaða

Jóhann Gunnlögsson (samkvæmt ósk Guðlaugar Jónsdóttur eiganda 1/2 Heiðar)

Þinglýst á Sauðanessþingi 1923



Nº 239

Landamerki

Litlustrandar í Skútustaðahreppi

Að vestan móts við Gautlönd ræður Gautlandalækur. Að sunnan móts við Baldursheim ræður bein stefna úr Miðgatnahóli við Miðgatnavað á Gautlandalæk, austur í Merkihóla og þaðan við sunnanvert Bóndaskarð í Merkivörðu á austurbakka Krákár. Þaðan stefna til austurs eftir vörðum í enginu alt að Baldursheimskíl. Milli Gautlandalækjar og Krákár er nú gaddavírsgirðing því sem næst á nefndum merkjum.

Að austan, móti Sveinstrandarengi hinu forna, (Garðsengi) ræður hinn gamli farvegur Baldursheimskíls merkjum út í Strandakíl, svo Strandakíll til vesturs upp að vörðu sem hlaðin er á norðurbakka hans á svo nefndu Merkihrói. Þaðan bein stefna norður Mosann eftir vorðutypum í poll sem er örskammt vestur af Garðskrók. Sú stefna norður frá Merkihrói er þaðan beint á toppinn á Belgjarfjalli.

Að norðan móts við Skútustaði og Álftagerði ræður bein stefna úr Merkivörðu í Garðkróksgarði í Nesjapúfu; þaðan sama stefna í Kráká. Vestan Krákár, móti Sveinströnd ræður merkigarður frá ánni að Sveinstrandartjörn, þaðan bein stefna í suðausturhorn túngirðingar á Sveinströnd. Ræður svo túngirðingin og úr norðvestur horni túnlóðarinnar girðing sú er liggur frá Sveinstrandartjörn norðanverðri vestur í Gautlandalæk. Innan þessara ummerkja er svo nefnd Helgaspilda, sem ekki tilheyrir Litluströnd; liggur Strandakíll að henni að norðan, en vörður afmarka hana á aðra vegu.

Litluströnd 20. Júní 1921.

Helgi Jónsson (eigandi og umráðandi)

Sem eigendur Gautlanda, Baldursheims, Skútustaða og Álftagerðis, viðurkennum við þessa landamerkjaskrá rétta vera og samþykkjum hana sem góða og gilda:

Fyrir hönd eigenda Gautlanda: Jón Gauti Petursson.

Fyrir hönd eigenda Baldursheims: Þórólfur Sigurðsson.

Eigendur og umráðamenn Skútustaða:

Hermann Hjartarson. Jón Þorsteinsson

Eigendur Álftagerðis: Steinþór Björnsson

Valdemar Halldórsson.



Nº 240

Landamerki  
Jarlsstaða í Aðaldal. –  
(Skifti út úr Nesslandi)

Vér undirritaðir: Baldvin Þorgrímsson, Steingrímur Baldvinsson og Þórhallur Baldvinsson eigendur og ábúendur Ness í Aðaldal og Sigtryggur Björnsson eigandi og ábúandi Jarlsstaða í Aðaldal höfum í dag gert þannig löguð skifti á landi fyrgreindra jarða svo sem hér greinir:

Jörðunni Nesi skal fylgja alt landið austan Laxár en vestan Laxár skiftirs landið þannig að Þvergarður ræður merkjum austan frá Laxá þar til hann þrýtur, og síðan bein stefna í Dagmal í Dagmálahól, og þaðan bein stefna á norðausturhorn Hafralækjarlands. – Graslendi sunnan Barða og Hundakjarnahóla, skal vera óskift sem bithagi; skulu Jarlsstaðir hafa einn sjöunda hluta hans til eignar og afnota en Nes sex sjöundu hluta. Engjaspilda sem nú er afgirt og liggur að Laxá norðan við Hrútalæk skiftist þannig að Jarlsstöðum fylgir fjórðungur hennar en Nesi þrír fjórðu hlutar, og lofum vér að koma oss saman um skifti þar á milli.

Jarlstöðum fylgja Hrúthólmar í Laxá svo sem að fornu hefir verið, en Nesi Straumeyjar og aðrir hólmar í Laxá sem jörðunni hafa fylgt hingað til. Enn fremur fylgir Jarlsstöðum Jarlsstaðateigur í Valahrísunum.

Til staðfestu eru undirrituð nöfn vor og tveggja vitundarvotta.

Nesi 23. September 1921.

Baldvin Þorgrímsson. Steingrímur Baldvinsson

Þórhallur Baldvinsson

Sigtryggur Björnsson

Vitundarvottar:

Jóhannes Þorkelsson.

Sigurður Baldvinsson



Nº 241.

Landamerki

Vestari Króka í Hálshreppi.

Að norðan ræður Syðri-Höfðagilsá upp á bak við ytri fjallsendann. Að vestan há fjallsbrúnin milli Vestri Krókafjalls og Skarðsdals. Að sunnan Merkigil milli Þúfu og Vestri Króka. Að austan: fyrst Króká út að Ármótum, þar sem koma saman Balastaðalækur og Skeiðslækur; þá há Miðhólar út fyrir neðan Skeið, þar sem varða er á há hólnum og síðan Vestarivegurinn bein stefna út á Almannakamb.

Vestari Krókum 9. Desember 1922

Gunnlaugur Stefánsson.

Vegna Þúfu: Friðrik Kristjánsson

Vegna Austari Króka 1/2: Bergþór Björnsson.

Samþykkur: Jón Jóhannsson á Skarði.

Samþ. vegna séra Björns í Laufási: Sigurbj. Pétursson

Vegna Kambsmýra: Theódóra Þorðardóttir

Vegna 1/2 Austari Króka Eiður Indriðason.

Þinglýst á Hálspingi 1923.





N<sup>o</sup> 242

Landamerki

Hallgilsstaða í Hálshreppi.

Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil og bein lína eftir Marksbrekkuhólum til Þingmannalækjar. Að vestan ræður lækurinn til móts við Háls, þar til hann fellur í Fnjóská, en hún ræður til þess gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel, til fjalls upp.

[Innskot á spássíu] Lýst. 6. jan 1954 J Skaptason

Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slæjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.

Hallgilsstöðum 12. Des. 1922.

Róbert Bárðdal

eigandi Hallgilsstaða

Jón Jónsson eigandi Fornastaða.

Gunnlaugur Jónsson ábúandi Veisusels.

Þinglýst á Hálsþingi 1923.



N<sup>o</sup> 243.

Landamerki

Veisusels í Hálshreppi.

Að norðan til móts við Veisu ræður Stórilækur og ytri kvísl hans frá fjallsrótum til Fnjóskár. Að vestan ræður Fnjóská gegnt Miðrönd og þaðan gegnt Hallgilstöðum í Grundargil í fjallinu, beint á fjall upp. Samt tilheyra Hallgilstöðum allar slæjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.

[Innskot á spássíu] Ítakinu lýst 6. jan. 1954. J. Skaptason

Veisuseli 14. Des. 1922

Gunnlagur Jónsson (ábúandi Veisusels)

Jens Kr. Buck (áb. og eigandi Veisu)

Robert Bárðdal (ábúandi Hallgilsstaða)



N<sup>o</sup> 244.

Grashóll  
í Presthólahreppi.

Ár 1918, þann 15. Sept. voru þeir Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson á Daðastöðum og Guðni Kristjánsson bóndi á Hóli komnir saman að Hóli til þess, eftir bréfi sýslumannsins í Þingeyarsýslu 24. f.m. að ákveða landamerki milli Raufarhafnar og hjáleigurnnar Grashóls, ásamt ábúendum þeirra jarða.

Eftir að hafa farið um land þessara jarða, og sérstaklega lítið eftir slægnamerkjum, leggjum við til að merkin verði þessi

Úr Sellæk við Deildará í vörðu austan við Seltjörn þaðan í vörðu á Langajarðbakka austan við Grænur, og síðan í Hvammlæk við Grænuhöll.

Það skal tekið fram, að hér er að mestu fylgt slægnamerkjum sem verið hafa, aðeins breytt lítið, til þess að fá merkjalínuna beina. - D.n.s.

Þorsteinn Þorsteinsson. Guðni Kristjánsson

Samþykkir:

Marius Lund. Jóhannes Friðbjörnsson

Þinglýst á Manntalsþingi Presthólahrepps 1923.



Nº 245

Landamerki

Draflastaða í Hálshreppi.

Að norðan eru merki í gili því, sem er næst sunnavið Mela, upp á brún, þar ræður gil það, sem næst er Draflastaðaseli að norðan; þaðan bein stefna yfir fjallið norðan við Hrafnabjörg í Þvergil.

Að sunnan ræður grjóttvarða á holti við Fnjóská. Þaðan til fjalls í grjótvörðu, sunnanvert við Leiti, og þaðan í stórann stein við Grjóthólsskál, þaðan beint í hábrún norðan við eystri Múlalág, og í grjótvörðu í Múlalágarbotni; þaðan bein stefna niður á Víkurskarð austan við Króklágar í vörðu við Einbúalæk. Þaðan ræður sá lækur meðan hann er í nánd við Suðurbrekkur, og þaðan sömu stefnu inn í merkjalínu sem ákveðin er að vestan sem er bein lína úr læknum er rennur norður úr Hrossadal.

Að vestan ræður bein stefna úr Hrafnabjörgum í Gæsadal.

Að austan ræður Fnjóská, og fylgir hólmi sá sem áin hefir myndað fyrir landi jarðarinnar.

Draflastöðum 10. Okt. 1922

Kristján Sigurðsson eigandi 1/2 Draflastaða og Mela.

Karl Sigurðsson eigandi 1/4 Draflast. og Mela og 1/2 Grímsgerðis

Jónína Sigurðardóttir eigandi 1/4 Draflastaða og Mela.

Þinglýst á Hálspingi 1923.



N<sup>o</sup> 246.

Landamerki

Svalbarðssels í Pistilfirði

Að norðaustan: bein stefna frá Merkilækjar ási, milli Garðs og Flautafells um hinar fornu beitarhúsatóftir í norðausturenda Svalbarðsselsáss í Guðlaugsstein við Vesturlækinn.

Að austan og sunnan: bein stefna frá nefndum steini vestan við Grjótás í norðanverðan háröðul á litla Kvígildisfjalli sem þá ræður gegnt Akrausteini við Kúðá, er ræður þaðan þar til hún fellur í Svalbarðsá. Frá Kúðárósi ræður Svalbarðsá út á móts við Merkilækjarós.

Svalbarðsseli 11. Des. 1922

Halldór Kristjánsson

Landamerkjaskra þessi viðurkennist hérmeð af viðkomandi hlutaðeigendum.

Páll H. Jónsson Svalbarði

Tryggvi Hjartarson Urðarseli

(fyrir Flautafellsland og Fjallasels)

Þinglýst á Svalbarðsþingi 1923.



N<sup>o</sup> 247.

Landamerki

Bægistaða í Pistilfirði.

Frá fremra Hlíðarhorni þvert í Sandá; með henni að Skjónulæk, ræður svo lækurinn að torfvörðu móts við Tvísteina (Sveina), frá vörðunni í Tvísteina. Frá Tvísteinum ræður bein lína að neðan verðri Lambafjallsgróf þar sem hún fellur í Kúðá. Þaðan ræður nefnd gróf að upptökum hennar; síðan þvert yfir Núpa í Hlíðarhorn.

Bægistöðum 12. Desember 1922

Guðmundur Jónsson. Kjartan Jónsson.

Ofanrituðum landamerkjum erum vér undirritaðir samþykkir:

Jósef Vigfússon á Kúðá, Jóhannes Vigfússon Kúðá

Tryggvi Hjartarson Urðarseli.

Friðrik Einarsson Grímsstöðum. Jósías Stefansson.

Fyrir hönd Svalbarðshrepps eiganda Vatnsenda

Jón Guðmundsson

Þinglýst á Svalbarðsþingi 1923



N<sup>o</sup> 248.

Landamerki

Kúðár í Pistilfirði

Að norðan ræður Kúðá upp að Akraстеini, frá honum beint í Klofastein (Tvísteina) þaðan í miðjan Grjóthól norðan undir stóra Kvígildisfjalli, úr Grjóthól í röðul Kvígildisfjalls. Úr röðli Kvígildisfjalls í torfvörðu við Skjónulæk og frá henni í Tvísteina, frá þeim beint í Lambafjallagróf þar sem hún fellur í Kúðá. Ræður svo grófin að upptökum. Þaðan beint í Jarpkollugróf norðan undir Svalbarðsnúpum og þaðan beint í Svalbarðsá, og ræður hún merkjum út að Kúðarósi.

Kúðá 12. Desember 1922

Jósef Vigfússon                      Jóhannes Vigfússon

Ofanrituðum landamerkjum erum vér undirritaðir samþykkir.

Guðmundur Jónsson    Kjartan Jónsson Bægisstöðum

Jón Guðmundsson Garði. Tryggvi Hjartarson Urðarseli

Friðrik Einarsson Grímsstöðum

Þinglýst á Manntalsþingi Svalbarðshrepps 1923.



N<sup>o</sup> 249.

Landamerki

Ássels í Sauðanesshreppi.

Að vestan ræður bein stefna úr Geisirófu í upptök Vatnsdalslækjar og ræður hann svo til Ásselsvatns, en úr ósi hans bein stefna í Lómatjörn, þaðan beint í jarðfall það, sem Teinalækur hefir upptök í og þaðan í Þrengingarhól, þaðan beint í meltanga þann við Lónsá sem næstur er innan við Lónsselseyrar. Þaðan ræður Lónsá í Árkrók og þaðan beint í vörðu sunnan í Skarðahólum. Þaðan beint í Brandsvörðu á Melrakkaási, og þaðan beint í Geisirsófu þar sem hún myndast úr kíll þeim sem kemur þar saman úr tjörnunum í Vatnsdal.

Ásseli 18. Desember 1922.

Helgi Sigurður Pálsson

Framanrituðum landamerkjum erum við undirritaðir að öllu samþykki:

Sig. Sigvaldason eigandi Grundar.

Kristján Jónsson. Jónas Aðalmondsson eig. Eldjárnsstaða

Þorvaldur Pálsson eigandi Hraunkots.

Guðm. Gunnarsson eig. Hóls. Garðar Þorgrímss. eig 2/3 Gunnólfsvíkur

Frímann Jónsson eigandi 1/3 úr Gunnólfsvík.

Þinglýst að Sauðanesi 1923.





N<sup>o</sup> 250.

Landamerki  
Grímsgerðis í Hálshreppi

Að sunnan ræður Einbúalækur frá Fnjóská inn á Víkurskarð að Króklágum og þaðan norður til fjalls í vörðu, sem stendur neðan við vestri Múlalágarbotn. Að utan eru merkin í Grjótvörðu í holtinu niðurundir bakkanum við Fnjóská. Það til fjalls í grjótvörðu sunnanvert við Leyti og þaðan í Stórastein í Grjóthalskál og þá bein leið upp á brún norðan við austari Múlalág og í vörðu í vestri Múlalágarbotni. Einnig fylgir jörðunni landstykkið Litlumýrar uppi á fjalli.

Draflastöðum 20. Desember 1922.

Vegna Grímsgerðislands: Karl Sigurðsson.

Kristján Sigurðsson vegna Draflastaðalands

Eigandi að 1/2 Grímsgerði Jóhann Einarsson

Þinglýst á Manntalsþingi Hálshrepps 1923



Nr. 251.

Landamerki

milli Neðri-Dálkstaða og Tungu á Svalbarðsströnd.

Milli jarðanna ræður merkjum sker í sjávarmáli ca. 20 föðmum suður af Festarkletti. Þaðan bein stefna í efra horn í Háamel neðri, þaðan beint í Steinlág framan í Efstahjalla, síðan beint til fjalls í Dalkstaðahjúk og þaðan austur móts við Kirkjustein í vörðulínu þá sem ræður merkjum milli Háls og Svalbarðsstrandarhreppa.

Hálshreppi 23. Des. 1922

F.h. Hálshrepps, eiganda Neðri-Dalkstaða

Guðni Þorsteinsson. Stefán Kristjánsson

Ólafur Pálsson

Tungu 26. Des. 1922.

Jóhannes Laxdal Guðný Grímsdóttir

(eigendur Tungu)

p.t. Tungu 26. Des. 1922

Vilhjálmur Jónsson

bóndi á Neðri Dálkstöðum

Þinglýst á manntalsþingi Svalbarðsstrandarhrepps 1922.



Nr. 252.

Dýjakot  
í Reykjahverfi.

Vér undirritaðir eigendur jarðanna Skóga og Dýjakots í Tjörnesshreppi höfum komið oss saman um að skifta úr landi heimajarðarinnar Skóga, landi því og landsnytjum sem framvegis skal fylgja býlinu Dyjakoti til eignar og afnota, og eru landskifti þessi þannig:

Dýjakoti skal hérefrir fylgja engi og bithagi með óbreyttum ummerkjum þannig:

Að sunnan gegnt Heiðarbót ræður Dýjakotsgróf niður að Þverárgötum við Tjaldholt. Að vestan vörður meðfram Þverárgötum norður í Vinkilhorn suðaustur af Miðdegishól. Þá bein lína í austur úr horninu eftir vörðum í stein norðanvert við Votasund, og síðan bein lína í norður í vörðu á fornum garði í Halls-brúninni suður og upp af Skógum. Síðan ræður sá garður merkjum að norðan í Lækjarklauf sunnan við Dagmálahól. Innan þessara merkja liggur bithagi Dýjakots og engi.

Beitland Dyjakots afmarkast að norðan þannig:

Úr Lækjarklauf eftir læknum að vörðu á lækjarbakknum suðvestur af Árkrókshól. Þaðan beint í vörðu astantil á ytri Kúadalsás, þaðan í vörðu við girðinguna norðanvert við Reykjaheiðarveg. Að austan ræður girðingin suður í merkjagarð milli Dýjakots og Heiðarbótar sem svo ræður merkjum að sunnan niður í Merkigróf (Dýjakotsgróf) sunnan við Dyjakot.

Afrétt Dýjakots skal vera tiltölulegur hluti úr afrétti þeim, sem jörðum þessum tilheyrja austan girðingarinnar miðað við hundraðatal jarðarinnar Skóga í jarðamatinu frá 1861 sem er 21,6 hndr. þar af Dýjakot 5 hndr.

Gjört í Skógum í Desember 1922.

Samþykkir sem eigendur Skóga

Árni Sigurpálsson. Helgi Jónsson

Samþykkur sem ábúandi

Páll Sigurðsson

Samþykkur sem eigandi Dyjakots:

Hermann Jakobsson

Þinglýst á Manntalsþingi í Húsavík 1923.



N<sup>o</sup> 253

Einarstaðir  
í Reykjahverfi.

Vér undirritaðir eigendur jarðanna Skarða og Einarstaða í Tjörnesshreppi höfum komið oss saman um, að skifta landi milli Skarða og Einarstaða þannig:

Að sunnan ræður Skógaá merkjum milli Skóga og Einarstaða frá Þröngvuhól niður að götum vestan við Stórugróf. Síðan ráða göturnar merkjum milli Skarða og Einarstaða í Grafarhól og út fyrir Sigguhvamm í keldufall er ræður í austur að grasgróinni brú sem er vestan vert við hreppsveg Reykhverfinga. Síðan ráða fornar götur suður austan við Geithól, þaðan eftir götum sem er liggja í Stórugróf austanvert við Baðskinshól. Síðan ræður Stóragróf austur upp utan við Einarstaðatún. Beitland Einarstaða afmarkast þannig. Úr túninu vestantil eftir fornum garði í vörðu móts við Mosalaut, síðan beint í vörðu á miðjum Háás og sama stefna í girðinguna við afrétt, sem síðan ræður í vörðu á Grýluhól og frá henni í vörðu yst á Illusandhæð og síðan eftir Moldskurði í Skógaá. Afrétt Einarstaða skal vera tiltölulegur hluti eftir jarðarmagni eftir jarðamati 1861, eða 1/3. úr Skarðaafrétt. – Laxveiðiréttur í kvíslinni að 1/3.

Einarstöðum vorið 1923

Friðrik Kristjánsson eigandi Einarstaða

Jón Ág. Arnason. Sigurður Sigurðsson eigendur Skarðar  
Þinglýst 1923.



Nº 254.

Landamerki milli jarðanna

Hörgsdals í Skútustaðahreppi og Hrappstaðasels í Bárðælahreppi.

Ár 1922, laugardaginn 15. Júlí Kl. 5 1/2 e.h. var aukarjettur Þingeyjarsyslu settur á skrifstofu sýslunnar á Húsavík og ha[l]dinn af reglulegum dómara sýslumanni Júl. Havsteen með rjettarvottum Árna kaupm. Sigurssyni og Þórarni hreppstjóra Stefanssyni á Húsavík.

Var þar og þá tekið fyrir,

að reyna sáttatilaun milli Helga bónda Árnasonar í Hörgsdal og Ásgeirs bónda Þórlákssonar í Hrappstaðaseli út af landamerkjum tjeðra ábylisjarða þeirra. Þegar hjer var komið gjörðist milli málspartanna svohl.

Sætt:

Landamerki milli Hörgsdals og Hrappstaðasels skulu vera þessi: Frá Svartabakka ráði Langilækur til suðurs að norðurenda Illasundsáss, þá ræður Illasundsás og svo bein stefna úr sy[ð]ri enda hans í Þvergrófarbotn. Úr Þvergrófarbotni bein stefna vestur í Kalfborgsá eptir vörðum sem málspartar hlaða. Þrætulandið fyrir sunnan þessi merki tilheyrir framvegis Hörgsdal, (en Hrappstaðasel á þar rjett til beitar svo og rjett til veiði í Kálfborgaránni á þessu svæði og rjett til að nota vatn úr ánni.)

[Innskot á spássíu] Ekki lýst.

Til staðfestu undirrita málspartar þessa sætt.

Helgi Árnason                      Ásgeir Þórláksson

Upplesið, játað rjett bókað. Frekara ekki tekið fyrir

Vottar:                                      Rjetti slitið

Þór Stefánsson                      Ásgeir Þórláksson                      Júl. Havsteen

Árni Sigurðsson                      Helgi Árnason

Rjett innfært úr dómsmálabók Þingeyjarsyslu og að sættin sje þinglesin á Skútustaða og Bárðdæla – Manntalsþingum 1923 vottar sýslumaðurinn í Þingeyjarsyslu 30/9. '23

Júl Havsteen



255.

Landamerki milli jarðanna

Sandhóla og Breiðuvíkr í Tjörneshreppi.

Ár 1923 föstudaginn 5. október var merkjadómur Þingeyjarsyslu settur á skrifstofu sýslunnar á Húsavík og haldinn af reglulegum dómara sýslumanni Júl. Havsteen ásamt meðdómsmönnum Agli hreppstjóra Sigurjónssyni og Árna oddvita Jónssyni.

Var þar og þá tekið fyrir:

Landamerkjamálið:

Eigandi og ábúandi Breiðuvíkur gegn ábúanda Sandhóla  
og var í máli þessu kveðinn upp svohl. Dómur

Því dæmist rjett vera:

Landamerkin milli Breiðuvíkur og Sandhóla á Tjörneshreppi skulu vera þannig: „Fosslækur skilur land milli Sandhóla og Breiðuvíkur upp í garð þann, sem liggur úr Fossgili austur í Tröllagil; þaðan ræður Tröllagil fram til heiðar rjettsynis í Skollanafarenda ytri fyrir framan Breiðuvíkurbotna; þá á fjallgarð austur móts við Mánárland. Sandhólum tilheyra sker þau, sem liggja fyrir landi hennar norðvestur eptir Breiðuvík vestan við Fosslæk, þar sem hann rennur í sjó. ~~Kópaveiði vestan skerjanna tilheyri Sandhólum en austan skerjanna Breiðuvík sem ítak~~“

[Innskot á spássíu] Ítakinu ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953. Er það því niður fallið.

Jóhann Skaptason

Júl. Havsteen Egill Sigurjónsson Árni Jónsson

Dómurinn var í heyrenda hljóði lesinn að viðstöddum umboðsmanni sækjanda.

Frekara ekki tekið fyrir Rjetti slitið

Júl Havsteen

Egill Sigurjónsson Árni Jónsson

Rjettan útdrátt úr dómabók Þingeyjarsyslu (Bl. 1-3) og að merkin hafi verið þinglesin á Tjörneshreppi vottar sýslumaðurinn í Þingeyjarsyslu 30/9. '24.

Júl Havsteen



256. Landamerki milli Byrgis og Meiðavalla.

Ár 1924, föstudaginn 18. júlí var aukarjettur Þingeyjarsyslu settur á skrifstofu sýslunnar á Húsvík og haldinn af reglulegum dómara, sýslumanni Júl. Havsteen með undirrituðum vottum.

Var þar og þá tekið fyrir:

Landamerkjamálið milli eiganda jarðarinnar Byrgis í Kelduneshreppi og eiganda og ábúanda jarðarinnar Meiðavalla í sama hreppi.

Eigendur jarðanna, þeir kennari Guðmundr Sigurjónsson úr Reykjavík og Jón bóndi Sigurgeirsson á Meiðavöllum eru báðir mættir óstefndir og lysa yfir því, að útaf ágreiningi um landamerki jarðanna vilji þeir gjöra svohl:

Sætt:

1. Eigandi Meiðavalla afsalar hjermeð eiganda Byrgis allt það land og ítaksrjett allan, sem Meiðavellir hafa átt eða haft í Ásbyrgi fyrir Kr. 400 = fjögur hundruð – krónur.
2. Landamerki milli Meiðavalla og Byrgis í Kelduneshreppi eru því framvegis þessi: „Úr Birgisbotni (Botnslæk) ráða Byrgisbjörgin merkjum svo lengi sem þau endast og svo lína beint úr björgunum þar sem þau þrjóta og beina stefnu í Stórastein á Sandi úti í jaðar á Áslandi“. Upplesið, játað rjett bókað.

Jón Sigurgeirsson

Guðm. Sigurjonsson

(Eigandi Meiðavalla)

(Eigandi Byrgis)

Frekara ekki tekið fyrir.

Rjetti slitið

Vottar:

Júl. Havsteen

Þórarinn Havsteen

Páll Kristjánsson

Rjett innfært úr dómsmálabók Þingeyjarsyslu og að sættin sje þinglesin á Keldunesþingi 1924 vottar sýslumaðurinn í Þingeyjarsyslu 30/9.24.

Júl Havsteen



N<sup>o</sup> 257

Landamerkjaskrá

fyrir jörðunni Végeirsstöðum í Hálshreppi.

1. Að norðan milli Böðvarsness og Végeirsstaða eru merkin upp frá Fnjóská gegnum miðja Merkilág endilanga í Merkihrygg, og þaðan beint á há fjall.
2. Að sunnan milli Veisu og Végeirsstaða eru merkin í læk, sem nefndur er Stórilækur í syðri farveg hans, sem fellur niður fjallshlíðina, þar til hann breytir stefnu til norðurs, þaðan ræður bein stefna niður í Fnjóská.
3. Að austan ræður há fjallið merkjum, eins og votnum veitir.
4. Að vestan verðu eru merkin í miðja Fnjóská. –

Landamóti 20. Janúar 1923

Karl Kr. Arngrímsson (eigandi Vegeirsstaða.

Valdemar Valdemarsson (eigandi Böðvarsness)

Karl Kr. Arngrímsson (eigandi Veisu)





N<sup>o</sup> 258.

Landamerkjaskrá

fyrir Þóroddsstað í Ljósavatnshreppi

1. Að norðan eru merkin í vörðu sem stendur á bakkanum vestan Skjálfandafljóts, þaðan stefna syðst í Augnakíl og eftir vörðum upp fjallið vestur í Seljadalsá. Þá ræður nefnd á merkjum uns komið er gegnt Sandskarðsgróf, en hún ræður merkjum milli Þóroddsstaða að norðan og Syðri Leikskálaár alla leið vestur í Sperðlagil.
2. Að vestan ráða merkjum há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeifsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.
3. Að austan ræður Skjálfandafljót, meginfljótið nyrðst að Staðarbakka, þá í miðja kvísl austan Staðarbakka að Ófeifsstaðamerkjum í Bakkanum.
4. Að sunnan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka þveran, þaðan í vörðu á Vesturbakka Skjálfandafljóts, sem stendur við vírgirðingu þá, sem nú ræður merkjum yfir „Fót“. Þá beint í vörðu sem stendur í holtarótum ofan við mýrina vestan Rangár þaðan eftir vörðum þvert upp fjallið vestur í Seljadalsá. Á Seljadal vestan árinna tilheyrir Þóroddsstað 2/3 af landeigninni milli merkja Torfuness að sunnan og Syðri-Leikskálaár að norðan. Er lan[d]eign Þóroddsstaða á þessu svæði nyrðri hlutinn aðgreindur með Mer[k]javörðum.

Ofan ritaðri merkjaskrá erum við undirritaðir samþykkir

Halldórsstöðum 10. Apríl 1923.

Sig. Sigurðsson. Umráðamaður Þóroddsstaða og S. Leikskálaár

Baldvin Baldvinsson eigandi Ófeifsstaða

Friðgeir Kristjánsson ábúandi Þóroddsstaðar.

Þórður Stefansson eigandi Geirbjarnarstaða.

Hjálmar Kristjánsson eigandi Húsabakka.

Friðfinnur Sigurðsson eigandi Rauðuskriðu.

Þinglýst á manntalsþingi Ljósavatnshrepps 1. Júlí 1925.

Þinglýsing Kr 3,00

Stimpilgjald 1.00 Kr. 4,00

-fjórar krónur-



Nº 259

Samningur

um beitarítak Haga í Yztahvammslandi

[Innskot á spássíu] Ítaki lyst samkv. áskorun 20.5.´53 J Skaptason

Í stað ítaks þess, sem Hagi hefir átt til sumarbeitar búfjár annað mál í Yztahvammslandi á Hvammsheiði, kemur hér eftir beitarréttur sem hér greinir:

Frá 1. Nóv. til 31. Ján. ár hvert er heimilt að beita heimafé frá húsum i Ystahvammsbrekkur norðan Stekkjargils. Kemur samningur þessi í stað ákvæða landamerkjaskrár og annara eldri skjala um beitarrétt Haga í í Ystahvammsland.

Vottar:	Ytrafjalli 8. Júlí 1922
Benedikt Baldvinsson	Jónas Sigurbjörnsson
Konráð Vilhjálmsson	Jakob Þorgrímsson



Nº 260.

Landamerki

Helgastaða í Reykdælahreppi

1. Að austan: ræður Reykjadalssá frá Vestmannsvatni suður að Helgastaðaey, austan hennar ræður merkjum gamli árfarvegurinn, sem byrjar með Kýlfari norðaustur af Helguhól og suður um Selpoll og þaðan þvert í ána gengt Pöddutjörn vestan ár. Þaðan ræður svo áin aptur suður að Hamraskurði. –

2. Að sunnan: ræður Hamraskurður, sem liggur frá ánni gengt Hnarrarhól vestur að Merkihól. Þaðan bein lína norðvestur í vörðu sem hlaða skal á há-melhól rjett (~~rjett~~) austan við svonefnda forvega í austur af Nautaklöpp (Vörðuklöpp), þaðan nyrst í Nautaklöpp. Frá Nautaklöpp bein lína norðvestur heiði norðan við botn Hamramyrar í norðausturhorn Hlaumbæjarsels landamerkjja, sem er í háaustur frá garði þeim, sem liggur um Lynghöfða, vestur að kvísl þeirri til Skjálfandafljóti, sem rennur austan Þingeyjar.

3. Að vestan: ræður áður nefnd kvísl norður að vörðu sem hlaða skal 150 metrum sunnan við Brennisel.

4. Að norðan: Frá vörðunni sunnan við Brennisel í háaustur í heiði gengt Oddnyarhólum, þaðan norðaustur í vörðu, sem hlaðin skal á garði þeim, er skilur Vaðs og Höskuldsstaða lönd; úr þeirri vörðu beint austur í vörðu, sem hlaðin skal rjett suðaustan við Pjetursengi, þaðan norður í Vestmannsvatn þar sem gamli garðurinn kimur í það við Skiptadrátt vestan við Gráblesa. Vestmannsvatn ræður merkjum frá Skiptidrætti að Reykjadalssá. ~~Helgastaðir eiga Þingey hálf og Þingstað að auki (og frían upprekstur í Náttfaravíkur. Fossels bóndi skal hafa fría beit fyrir gripi sína í landi Helgastaða vestan Fljótshéiðar. (Þ. ekki sauðfje).~~

[Innskot á spássíu] Ítakinu var ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953. Er það því niður fallið. J Skaptason

Fyrir He[l]gastaði Friðrik Jónsson.

Fyrir Fossel Hólmeir Björnsson.

Fyrir Hamra Jón Kr. Eijólfsson.

Landamerkjaskrá þessi, sem er rjett innfærð, er þinglesin á manntalsþingi Reykdælahrepps 25. Júní 1927 og þannig bókað: 13. Samkvæmt fyrirmælum Dómsmálaráðuneytisins voru þinglesin landamerki Helgastaða í Reykdælahreppi undirrituð af ábúendum Helgastaða, Hamra og Fossels. Ábúandi Höskuldsstaða mótmælit merkjunum f. Höskuldsstaði. Umráðamaður jarðanna, hreppstjórinn á Þverá, lagði fram skrifleg mótmæli, sem voru upplesin.

Syslumaður tekur fram, að landamerkin milli Helgastaða og Höskuldsstaða sjeu ákveðin af stjórnarráðinu, þar sem ríkið sje eigandi jarðanna og sje þetta í ~~samræði~~ <sup>hvað</sup> Höskuldsstaði snertir í samræmi við ósk ábúanda þessarar jarðar í aukarjetti Þingeyjarsyslu 19. okt. 1922. Hinir málsaðilar hafa nú komið sjer saman um merkin.



Rjett innfært vottar:

Syslumaðurinn í Þingeyjarsyslu 9/8. '27. Júl Havsteen

[58r-58v]

Nº 261.

Landamerki

milli jarðanna Efrihóla og Presthóla

Árið 1925, fimtudaginn 30. júlí var landamerkjadómur Þingeyjarsyslu settur á þingstað Presthólahrepps, Snartarstöðum, af reglulegum dómara systlumanni Júl. Havsteen, sem dómsformanni, ásamt meðdómsmönnum Birni hreppstjóra Guðmundssyni Lóni og óðalsbónda Gunnari Árnasyni í Skógum.

Var þar og þá tekið fyrir:

Landamerkjamálið: ábúandi Presthóla séra Halldór Bjarnason

gegn ábúanda og eiganda Efrihóla Friðrik Sæmundssyni

og var í máli þessu upp kveðinn svohljóðandi

Dómur:

Því dæmist rjett vera:

Landamerkin milli Efrihóla og Presthóla í Presthólahreppi skulu vera þannig: „Að norðan ræður merkjum Brúarlag við Stekkjarhrygg, þaðan beint í Reiðgötu þar sem hún liggur yfir Efrihólagjá, svo í Dagmálavörðu, sem stendur nyrztr á Katastaðafjalli þaðan í suðvesturhornið á gömlu heytóptarbroti austan til á Þrætukersholti. Þaðan ráði bein lína í merkjastein á Lambabrekkum (syðri steininum) og svo eptir beinni línu í Ormarsá sunnanvert við Presthólasel. Að vestan ræður Þúfugerðisá frá áðurnefndu brúarlagi við Stekkjahrygg suður til Brúarlags sem er lítinn spöl ofan við syðri enda Efrihólagjár.“

Júl. Havsteen

Björn Guðmundson. Gunnar Árnason.

Þór Stefánsson. Jón Þór Sigtryggsson.

Þingl. á manntalsþingi Presthólahrepps 14. júlí 1927.

Júl Havsteen



N° 262.

Landamerki milli jarðanna Brekku og Presthóla

Ár 1925, mánudaginn 27. júlí var landamerkjadómur Þingeyjarsyslu settur að Brekku í Núpasveit og haldinn af reglulegum dómara sýslumanni Júl. Havsteen ásamt meðdómsmönnum Birni hreppstjóra Guðmundssyni, Lóni og óðalsbónda Gunnari Árnasyni, Skógum.

Var þar og þá tekið fyrir:

Landamerkjamálið: ábúandi Presthóla séra Halldór Bjarnarson  
gegn ábúendum og eigendum Brekku.

Umboðsmaður ábúanda Presthóla, bæjarstjóri Jón Þór. Sigtryggsson er mættur og óskar hann, að þrætureki milli Brekku og Presthóla sje athugaður. Einnig er mættur umboðsmaður eigenda og ábúenda Brekku hreppstjóri Þórarinn Stefánsson. Var fyrst athugaður þræturekinn milli jarðanna og að norðan með sjó fram að Klapparásnum. Þegar hjer var komið og staðhættir vandlega athugaðir, gjörðist milli málsaðila svohljóðandi

Sætt:

„Frá Brúarsporði (Kastalabru) við Klapparós ráði Klapparósinn landamerkjum til sjávar. Reki fylgi hvoru landi í miðjan ós eins og hann rennur nú, og eru tvær vörður hlaðnar af merkjadómnum syðst og vestast á Klapparhamrinum til þess að syna hvernig ósinn fellur nú til sjáfar, og sleppa Presthólar öllu tilkalli til reka utan við þá línu, sem vörður þessar afmarka, og er Guðmundi bónda Ingimundarsyni falið, að höggva upphafsstafina R.M. í steinana (Klettana) sem vörðurnar standa á.“

Til sta[ð]festu undirrita málsaðilar þessa sætt.

Jón Þór. Sigtryggsson. Þór. Stefánsson.

Frekara ekki fyrir tekið. Uppl. játað. Rjetti slitið.

Júl. Havsteen. Björn Guðmundsson. Gunnar Árnason

Ár 1925, laugardaginn 1. ágúst, var landamerkjadómur Þingeyjarsyslu settur á þingstað Presthólahrepps ~~æð~~ Snartarstöðum af reglul. dómara sýslumanni Júl. Havsteen sem dómsformanni ásamt meðdómsmönnum Birni hreppstjóra Guðmundssyni, Lóni, og óðalsbónda Gunnari Árnasyni, Skógum.

Var þar og þá tekið fyrir:

Landamerkjamálið: ábúandi Presthóla séra Halldór Bjarnarson  
gegn ábúendum og eigendum Brekku

og var í máli þessu upp kveðinn svohljóðandi

Dómur:

Landamerkin milli Brekku og Presthóla í Presthólahreppi skulu vera sem hjer greinir: Úr Brúarsporði (við Kastalabru) bein stefna yfir merkjavörðu á Könguási um Brekkuselstoptir austur til Ormarsár.

Júl. Havsteen



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Björn Guðmundsson. Gunnar Árnason.

Dómurinn var í heyranda hljóði lesinn að viðstöddum umboðsmönnum málsaðila og ábúanda Presthóla séra Halldóri Bjarnarsyni.

Frekara ekki tekið fyrir. Rjetti slitið.

Júl. Havsteen.

Björn Guðmundsson Gunnar Árnason

Þór. Stefánsson. Jón Þór. Sigtryggsson.

Þingl. á manntalsþingi Presthóla hrepps 14. Júlí 1927.

Júl Havsteen



Nº 263.

Landamerki Litlu Saltvíkur.

Arnþrúður Sigurðardóttir Laxamyri og Helgi Jóhannesson á Múla gera svofeldan

Kaupsamn.

1. Arnþrúður Sigurðardóttir skuldbindur sig til að selja Helga Jóhannessyni svokallaða Litlu Saltvík með beitarhúsum er þar standa skamt frá sjó og öllum þeim rjettindum til lands og sjávar, er henni fylgir og fylgja ber. Þó áskilur seljandi framvegis rjett fyrir eigendur og ábúendur Laxamyrar, að mega óátalið skjóta vargfugl (sva[r]tbak) á Arvíkurbjargi ~~(og að mega endurgjaldslaut taka sand úr Litlu Saltvíkurtjörn til byggingar á Laxamyri)~~

[Innskot á spássíu] Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5.1953. Er það því niður fallið. J Skaptason

Landamerki eru að norðan samkvæmt landamerkjaskrá milli Laxamyrar og Saltvíkur dags. 8. nóv. 1889, en að sunnan eru merkin: Merkjavarða norðarlega á Skarðahálsi (milli Saltvíkur og Laxamyrar). Þaðan á vörðu á há Myrarleiti, þaðan bein stefna sunnanvert við Laxárós, þar sem merki verða sett. Neðan bjarga eru merkin þar ssem sjór fellur fyrst í bjorg með flóði.

Vottar

Laxamyri 16. júlí 1927.

Þorgrímur Halldórsson

Arnþrúður Sigurðardóttir

Helgi Jóhannesson

Sigurjón Egilsson.

Rjett innf. og þinglyst 1928

Júl Havsteen



Landamerkjaskrá fyrir  
jörðina Laugaból í Reykjadal

Að austan, gegn landi Þverár í Laxárdal ræður merkjum bein lína, sem dregin er frá vestari Skollhól í há-Hvítafell. Að sunnan, gegn Hjallalandi, ræður merkjum bein lína, sem dregin er frá Reykjadalsá um Merkilæk eftir hlöðnum vörðum austur að áðurnefndum Þverármerkjum.

Að vestan gegn Hólalandi ræður merkjum Reykjadalsá í miðjan farveg. Að norðan, gegn Litlulaugalandi, ræður merkjum girðing, sem liggur frá Reykjadalsá við Illukeldu austur í brekkuna norðan við Hábungu og þaðan bein lína eftir hlöðnum vörðum austur að Þverár merkjum.

Jörðinni fylgir hluti af kartöflugarði í brekkunni fyrir utan og ofan Litlulaugar, að stærð um 1568 <sup>[fer]</sup>metrar, sem liggur sunnanvert við miðjan garðinn með glöggum ummerkjum.

Engin önnur jörð á ítök nein í Laugabólslandi.

Laugabóli 18. júní 1930.

Tryggvi Sigtryggsson

Samþykktur v. Litlu-Lauga.	Samþ. v. Þverár
Sigurjón Friðjónsson	Jónas Snorrason
Samþ. vegna Hjalla	Samþ. vegna Hóla
Arnór Sigurjónsson	Haraldur Jakobsson





265.

Landamerki

Litla-Hvamms á Svalbarðsströnd

Við undirritaðir Sveinbj. Nielsson Litla-Hvammi og Arelius Halldórsson Geldingsá, gjörum svofeldan landamerkjasmning á milli Litla-Hvamms og Geldingsár.

Byggist samningur þessi á því, að Sveinbjörn hefir keypt 7/45 hl. Geldingsár, og leggur þann hluta undir býlið Litla-Hvamm.

Sveinbjörn fær landspildu norðan af landi Geldingsár 235 m. breiða allt neðan frá Klifi og upp á þjóðveg. Neðan við Klif er landið breiðara til þess að bein merkjalina fengist. Ræður merkjum að norðan landamerki þau, sem áður hafa gílt á milli Siglúvikur og Geldingsár, og verða nú merki á milli Siglúv. og L. Hvamms.

Merki á milli Litla Hvamms og Geldingsár verða þá úr vörðu á sjávarbakka milli Litlahv. Hvamms og Sólheima, beina línu í vörðu á Klifi 235 m. þvert suður frá landamerkjum Siglúv. og L. Hvamms, þar sem lækurinn fellur fram af Klifinu, og þaðan eftir vörðulinu, 235 m. suður frá Siglúvikurlandi, þannig að land Litla-Hvamms haldi fullri breidd 235 m. allt neðan frá Klifi, og austur á merki milli Svalbarðstrandahr. og Hálshrepps. Neðan við ~~K~~ Klif er landið breiðara eins og áður er tekið fram.

Fjara er oskipt á milli L. Hvamms og Geldingsár, og ber Litla-Hvammi 1/6 hluta af reka og veiðihluta.

Með þessum skiftagjörning fellur niður erfðafestugjald það, er áður hefir verið greitt til Geldingsárþónda eftir býlið L. Hvamm, og hvíl engar hvaðir frá Geldingsá á landi L. Hvamms, svo sem það er akveðið með samningi þessum, og gagnkvæmt.

Það skal tekið fram, að landspilda sú sem Sveinbj. fær úr Geldingsárlandi er breiðari en samsvarar 7/45 hl. og er það gjald fyrir tún og hús á Geldingsá, sem Sveinbj. eignaðist við kaupin á 7/45 hl. Geldingsár.

Vottar: Pt. Geldingsá 26/6 '32.

Johannes Laxdal. Sveinbjörn Nielsson

Ben. Baldvinsson. Arelius Halldórsson

Þingl. á manntalsþ. Svalbarðstrandahr. '32.



Nº 266.

Landamerki

Hamra í Reykdælahreppi.

Að austan ræður Reykjadalssá í miðjan farveg. Að sunnan ræður garður vestur frá Hamrarák úr garðinum bein lína vestur í Vörðumel. Úr Vörðumel vestur í garð norðan við Glaumbæjartún úr þeim garði vestur syðst í Klapparhorn. Úr Klapparhorni eftir garði er liggur vestur sunnan í Hamraás, vestur syðst í Smalaskálaholt, þaðan bein lína vestur á háheiði.

Að vestan ræður háheiðin norður að norðausturhorni Glaumbæjarselslands.

Að norðan ræður lína úr norðausturhorni Glaumbæjarselslands norður við botn Hamramýrar suðaustur nyrzt í Nautaklöpp (Vörðuklöpp.) Úr Nautaklöpp austur norðan við Hamrastekk í vörðu á há-melhól rett austan við svonefnda Farvega, þaðan bein lína suðaustur í Merkihól.

Þaðan ræður Hamraskurður merkjum austur í Reykjadalssá gegnt Knarrarhól.

Samþykktur fyrir Glaumbæjarsel: Gissur Kristjánsson Hömrum 12. júní 1933.

Samþykktur fyrir Glaumbæ: Jón Kristjánsson Jón Kr. Eyjólfsson.

Samþykktur fyrir Halldórsstaði: Jón A. Sigfusson. Aðalst. Jónsson.

Samþykktur fyrir Helgastaði: Jónas Snorrason, hreppsti.



Nº 267.

Landamerki

Jörðin „Lyngbrekka“ í Reykjadal.

Að sunnan – gegn Narfastöðum – ræður garður er liggur upp frá Seljadalsá, skammt norðan við Narfastaðasel, og liggur austur á hálsinn. Úr garðsendanum ræður bein stefna í stein þann, er stendur austan í hálsbrúninni – „Merkjasteinn“.

Úr honum enn bein stefna yfir Ystaleiti og í norðurhorn Narfastaðabjargs við Reykjadalsá.

Að norðan – móts við Daðastaði – ræður stór steinn í ánni („Merkisteinn“) móti norðurröð Hjallatúns. Úr steininum ræður bein stefna í vörðu uppi á brún og áfram bein stefna í vörðu norðanvert við „Bungumel“ og áfram sömu stefnu í grjótvörðu á austurbrún Seljadals og þaðan þvert niður í Seljadalsá. Að austan ræður Reykjadalsá, að vestan Seljadalsá.

Lýngbrekku 17. júní 1935

Samþykkur f. Daðastaði. Jón Kjartansson

Aðalsteinn Kjartansson

Samþykkur f. Narfastaði Sigurður Jakobsson

og Narfastaðasel Kristján Jakobsson

Þingl. á manntalsþingi Reykdælahrepps '35.-



Nº 268

Landamerki

Birkihlíðar í Hálsahreppi

Að norðan ræður norðurarmur girðingar um Litlu-Sigríðarstaði, og beint framhald af henni, upp á merki jarðarinnar að austan. Á áðurnefndum girðingararmi að norðan, liggja merkin beina línu í vörðu 40 metr. norðan við vesturenda Fletjugarðs.

Að vestan, er bein lína úr áðurnefndri vörðu í Síkisós, og þaðan bein lína austarlega í Berg við Kambsá.

Að sunnan: Úr Merkigili í stóran einstakan stein í Mýrinni, og bein stefna í Litlutjarnalæk. Til staðfestu eru eiginhandarnofn hlutaðeigenda undirrituð í viðurvist tveggja votta.

Vitundarvottar:

Birkihlíð 4/8. 1935

Herbert R. Bárðdal

Bragi Ingjaldsson

Liney Kristjánsdóttir

Róbert Bárðdal

Hermann Tryggvason

Einar Sigurbjörnsson

Þinglþ á manntalsþingi Halshr. '36.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Löggildin þessarar bókar er á fremsta blaði „in dorso“  
Júl Havsteen



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

[Vélrituð Fylgiskjöl]

- [1. Eftirrit úr landamerkja- og fasteignabók Þingeyjarsýslu. Málið: Ábúendur Grenjaðarstaðatorfu gegn Bjarna Gunnlaugssyni. Dags. 14.02.1941. Sætt.]
- [2. Ósk um landskipti á óskiptu landi Hveravalla og Litlu-Reykja í Reykjahreppi. Dags. 26.08.1940.]
- [3. Landamerkjagerð milli Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsýslu og Veigastaða í Suður-Þingeyjarsýslu, á sýslumótum, dags. 22.05.1946.]



Landamerki Hjalla í Reykjadal

Að norðan, móts við Laugaból, ræður garður frá Reykjadalsá upp í Merkigil og úr því bein stefna austur að Þverárlandi. Að sunnan, móts Hallbjarnarstöðum, ræður bein stefna frá Þverármerkjum um miðjan Sjónarhól – sem er stærsti hóllinn norðan við Skjöldumýri – og um merkiholt og þaðan í Reykjadalsá. Að austan, gegnt Þverá, ræður bein lína af há Hvitafelli um vestari Skollhól. Að vestan, gegnt Narfastöðum <sup>Lyngbrekku</sup> Daðastöðum og Hólum, ræður Reykjadalsá merkjum í miðjum farvegi.

Ritað 10. júní 1937

Arnór Sigurjónsson, fyrrverandi eigandi Hjalla

d 296 306

Reykðælahr. '37.



[Fylgiskjal]

Fylgiskjal Hörgsdalslandamerkjaskrár frá 1886

[Innskot á spássíu] N<sup>o</sup> 2, Framl. í aukarjetti Þingeyjarsyslu 15/7 '22. Júl Havsteen  
Ár 1886 hinn 3 júlí vorum við undskrifaðir; Jón Sigurðsson á Gautlöndum Jón Hinriksson  
á Helluvaði Kristján Jónss[on] á Staung og Jón Einarsson á Jarlstöðum til þess kvaddir að  
skoða landamerki jarðanna Hörgsdals og Hrap্পstaðasels sem vafi hefur verið á, og segja  
álit vort um hver merki væri eðlilegust og sanngjörnst greindra jarða á milli.

Framfór skoðunargjörðin nefndan dag í viðurvist eigenda nefndra jarða Jóns bónda  
Arnasonar á Arndýsarstöðum og Árna bónda Flóventssonar á Hörgsdal.

Fyrst riðum við á og skoðuðum Svartabakka þar sem Lángilækur fellur ofaní svo nefndan  
Hraunlæk er liggur í Laugagróf. Fylgdum við Lángalæk til suðurs allt suður undir  
Illasandsás, hvar hann virðist hverfa, eða hafa upp[tök] sín. Svo riðum við suðvestur að  
svonefndum Eirarlæk, sem haldin hefur verið merkilækur af Hörgsdals mönnum að  
undan förnu.

Kemur sá lækur langt að sunnan, og nær drag hans suðvestur að Kálfborgará. Hafa  
Hörgsdals menn viljað eiga á ská sunnan vert við Brennitjörn, og í Eirarlæk, en slíkt virtist  
oss eigi sennilegt hvorki eptir afstöðunni, nje eptir hinum framkomnu upplýsingum.  
Síðan riðum við austur undir Brennitjörn, og allt suður að Kálfborgarárósi, hvar komið er  
að Lundarbrekku merkjum. Að öllu þannig athuguðu verður það sameginlegt álit vort, að  
merkin milli nefndra jarða sjeu sanngjörnst og eðlilegust svo sem fylgir.

Frá Svartabakka ráði Lángilækur suður á móts við ytri enda Illasundsás. Svo ráði  
Illasundsás það sem hann nær, og bein stefna úr syðri enda hans í Þvergrófarbotn. Svo  
ráði sama stefna til suðurs í Brennumírahala sem liggja spölkorn vestur af Brennitjörn.  
Ráða síðan nefndir halar suður að Lundarbrekku merkjum

Að uppkveðnu þessu álitu voru tjáðu hlutaðeigendur sig ráðna í að halda þessi merki sem  
óræk landamerki milli jarðanna Hörgsdals og Hrap্পstaðasels framvegis fyrir alda og  
óborna. –

Þessu til staðfestu eru vor eigin handar nöfn, á stað, degi og ári sem fyrr segir.

Jón Sigurðsson            Jón Hinriksson

Kristján Jónsson

bóndi á Stöng





[Fylgiskjal]

Afskript af landamerkjabréfi fyrir Hólseli á Hólsfjöllum, er mun hafa glatazt.

Að sunnan ræður Vatnsleysa, frá Jökulsá upp að vörðu á Vatnsleysukambi, þaðan til norðausturs vestan á Langavatnshöfða í Hrossbeinagýg, þá í Merkiholt á flöt norðvestur af Gildruás, þaðan beint í neðri Systir svo beint í há Selás, þaðan beina línu á há Fjarðarsundsás, þá beint út Austur Vegg á móts við Fálkaklett, svo beint vestur að sandi og þaðan í Syðra Nor[ð]melsfja[ll] við Jökulsá; en hún ræður merkjum að vestan. Úr þessu landi fellur melastykki norðaustast í Hólselismelum. Ræður því að utan bein lína úr syðri Fjarðarsundsás enda, svo í vörðu syðst á Miðásenda, þá til suðvesturs í Einbúa og þaðan til suðausturs upp utan við svo kallaðan Krubbumel í hól ofan við Hólskýl. Á móti þessu stykki fellur til Hólsels mýrarpartur vestan af Engidal

Ræður þar að austan lína úr miðju Viðarvatnssíki í efri Fossdalsbrún, en mólendi að vestan.

Hólseli 10. apríl 1890

Vottar:

Jón Hallgrímsson

Helgi Guðlaugsson eigandi Hólsels

Sigtryggur Benidiktsson ábúandi Grundarhóls

Kristín Eiríksdóttir Helga Jónsdóttir eigendur Víðirhóls

NB. Bjarni Jónsson eigandi Fagradals

Björn Kristjánsson eigandi að 2/3 Nýja-Hóls

Athugasem.

1. Eigandi að 1/3 úr Nýjahólslandi Sigurður Gunnlaugsson í Ærlækjarseli (vantar nafnið.
2. Sera Þorleifur á að undirskrifa.
3. Landspildan sem Hólsel fjekk fyrir melstykkið var úr Gamlahólslandi nú = Fagridalur og Nýhóll, að fradregnu Hólssemi sem einnig er partur úr Gamlahóli.



[Fylgiskjal]

N<sup>o</sup> 269.

Landamerkjaskrá

fyrir leigulandi tilheyrandi jörðinni Hólum, sem lagt hefir verið undir ábúanda Breiðumýrar.

Að vestan ræður Seljadalsá.

Að norðan er Breiðumýrarland frá Valgerðarhól beina stefnu í hádegisvörðu sem er á Breiðumýraroxl.

Að vestan ræður Langaflog, en úr norðurenda þess ræður bein stefna í Breiðumýrarmerki.

Að sunnan ræður bein stefna úr Langaflogi, gengt garði sem er að austan sem merki milli Hóla og Daðastaða og í stóran stein með vörðu á austurbrún Seljadals – og þaðan bein stefna austur í Seljadalsá.

Skógarseli 12. okt. 1935

Árni Jakobsson

Samþykktur vegna Breiðumýrar Jónas Snorrason

Sam.þ vegna Hóla – Haraldur Jakobsson

Sam.þ. vegna Kvígyndisdals Magnús Magnússon

Innfært í veðmálabók Þingeyjarsýslu Litr. Y Nr. 275 bls. 275 og þinglýst á manntalsþingi 1936 Reykdælahr.